

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Bækur og frásagnir í leikskóla

Adda Guðrún Sigurjónsdóttir

Sigríður Anna Emilsdóttir



Kennaraháskóli Íslands

Leikskólabraut

Maí 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Bækur og frásagnir í leikskóla

Adda Guðrún Sigurjónsdóttir

260662-2369

Sigríður Anna Emilsdóttir

280172-3249

Kennaraháskóli Íslands

Leikskólabraut

Maí 2008

Ágrip

Menning okkar hefur um aldir einkennst af bókaáhuga. Á 20. öld varð sannkallað bókaflóð í íslensku samfélagi og bækur urðu aðgengilegri heimilum en áður var hlustað meira á sögur mæltar af munni fram. Þá voru það sögumennirnir sem héldu uppi kvöldvökum heimilisfólksins og sögðu sögur til dægurstyttingar.

Segja má að sögugerð sé enn í fullu gildi og ásamt lestri bóka séu þessir tveir þættir mikilvægur hluti af uppeldi barna. Misjafnt er hvernig þetta viðhorf speglast í stefnu og starfi leikskóla. Sumstaðar er farin sú leið að vinna markvisst með báða þætti en á öðrum stöðum er lagt meira upp úr frjálsri sögugerð heldur en lestri bóka. Áherslur á efnistöðum eru ólíkar, sumir vilja halda í ákveðinn menningararf í sögum og ævintýrum meðan aðrir fara þá leið að ritskoða efnið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir miðlun staðlaðra ímynda.

Rannsóknir á bóklestri og frásögnum benda til þess að sterkt samband sé á milli þess að börn heyri bók lesna og bókmenntaáhuga síðar meir. Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að börn muna jafnvel betur það sem þau heyra sagt með eigin orðum heldur en þegar lesið er upp úr bók og gengur betur að endursegja það. Ennfremur virðast vera tengsl á milli reglulegrar hlustunar á lestur bóka og hæfni til að álykta rökrænt.

Mikið úrval er af barnabókum á markaði, bæði myndabækur, þjóðsögur og ævintýri eftir íslenska og erlenda höfunda og er misjafnt eftir leikskólum hvaða efni verður fyrir valinu.

Bækur og frásagnir eru góður grunnur til málörvunar og eflingu málþroskans. Því er mikilvægt að námsumhverfi sé hannað með tilliti til ritmáls og málþroska, að ritmálið sé sýnilegt og bækur aðgengilegar. Leiða má líkur að því að farsælast sé að tvinna saman bóklestur og sögugerð og vinna skipulega að báðum þáttum til þess að ná sem bestum árangri á sviði málþroska og tjáningar.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Fræðileg umfjöllun	4
Ritað og talað mál.....	5
Bóklestur.....	6
Sögugerð.....	7
Rannsóknir á bóklestri og frásögnum.....	9
Bækur og sögur.....	12
Myndabækur.....	13
Þjóðsögur og ævintýri.....	15
Málþroski barna.....	17
Rannsóknir á málþroska	20
Frávik í málþroska	21
Hjallastefnan.....	23
Viðtöl.....	25
Leikskólinn Urðarhóll	26
Leikskólinn Hjalli	29
Leikskólinn Álftaborg	31
Úrvinnsla og túlkun	33
Ályktanir og umræða	36
Lokaorð.....	40
Heimildaskrá.....	41
Fylgiskjal 1	44
Fylgiskjal 2	45

Inngangur

Lestur bóka og frásagnir án texta eru þættir sem unnið er að á flestum leikskólum í einhverri mynd. Í ritgerðinni sem hér fer á eftir kynnum við okkur hvað fræðin og rannsóknirnar segja um bóklestur og frásagnir og hvert gildi þessara þátta er í uppeldi og menntun ungra barna. Ritgerðinni er skipt í fjóra meginkafla sem eru fræðileg umfjöllun um lestur bóka og það að segja sögur, viðtalskafla, úrvinnsla viðtala og túlkun og að lokum ályktanir og umræða um efnið.

Í fyrstu er almenn umfjöllun um bóklestur og sögugerð þar sem stuðst er við fræði tengd efninu og þar á eftir verður rýnt í rannsóknir á bóklestri og frásögnum. Þessu næst er almenn umfjöllun um bækur og sögur og síðan er efnið þrengt og myndabækur og þjóðsögur teknar sérstaklega fyrir. Málþroski barna, rannsóknir honum tengdar og frávik eru hluti af fræðilegri umfjöllun og einnig sýn framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar á markmiðin með því að lesa bækur og segja sögur í leikskólastarfi.

Annar hluti ritgerðarinnar byggir á viðtölum sem höfundar tóku við nokkra viðmælendur í leikskólunum Urðarhóli í Kópavogi, Hjalla í Hafnarfirði og Álftaborg í Reykjavík. Í þeim kemur fram viðhorf viðmælenda til bóklesturs og frásagna og þeirra sýn á mikilvægi þessara þátta og hvaða leiðir þeir telja farsælastar í miðlun þeirra til leikskólabarna.

Í þriðja hlutanum er komið að úrvinnslu og túlkun viðtalanna. Þar rýnum við í svör viðmælenda okkar og styðjum þau eða hrekjum með því að vísa í fræðilega umfjöllun og rannsóknir um efnið.

Fjórði og síðasti hlutinn er umræða um efnið, þar komum við fram með sýn okkar á viðfangsefnið og drögum ályktanir út frá því sem þar kom fram.

Fræðileg umfjöllun

Flest erum við sammála um að lestur bóka hvort sem um er að ræða afþreyingu eða fræðslu sé af hinu góða. Einnig munum við flest eftir þeirri ánægju sem fólst í því að hlusta á aðra segja okkur sögur hvort sem þær voru lesnar úr bókum eða mæltar af munnni fram. En erum við nægjanlega meðvituð um hversu mikilvægir þættir bóklestur og það að segja sögur eru fyrir börn á leikskólaaldri? Í nútíma samfélagi sem einkennist af hraða og lítilli samveru fjölskyldunnar verða bækur og sögugerð gjarnan útundan. Í

staðinn er komið afþreyingarefni í formi tölvuleikja, sjónvarps og kvikmynda. Börn hér áður fyrr fengu að hlusta á sögur sagðar í baðstofunni og þegar kom fram á 20. öldina fóru þau að upplifa ævintýraheim með tilkomu bókana. Kynslóðin sem nú er að vaxa úr grasi býr ef til vill ekki að því að njóta þessa gamla menningararfs inni á heimilunum og því hvílir ábyrgðin að miklu leyti á leikskólakennurum að halda við menningarlegum arfi þjóðarinnar með bóklestri og sögugerð.

Ritað og talað mál

Leikskólinn er tiltölulega nýlega skilgreindur sem fyrsta skólastigið. Fyrst voru til barnaheimili og dagvistarstofnanir sem höfðu ef til vill ekki það menntunarlega gildi sem leikskólar nútímans eiga að hafa. Árið 1999 var gefin út Aðalnámskrá leikskóla sem hefur að markmiði að vera nokkurs konar leiðarvísir um uppeldi og menntun leikskólabarna á sama hátt og Aðalnámskrá grunnskóla gegnir sínu hlutverki á viðeigandi menntunarstigi. Í Aðalnámskrá leikskóla er meðal annars talað um námssviðin sex sem eru mikilvægir þættir í menntun leikskólabarna. Námssviðin sex eru: Hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag (Aðalnámskrá leikskóla 1999:5,19). Til að geta starfað á þessum námssviðum þarf leikskólinn að hafa margskonar útbúnað. Bækur eru eitt tækið sem notað hefur verið í talsverðum mæli í leikskólum og telja margir að hægt sé að starfa á öllum námssviðum í raun með hjálp bóka. Frjáls sögugerð er annað tjáningartæki sem notað er á sama hátt, annaðhvort með þátttöku barnanna sjálfra eða frá kennaranum.

Í Aðalnámskránni er einnig fjallað um nauðsyn þess að rækta þroskaþætti barnanna. Þar eru þroskaþættir skilgreindir á eftirfarandi hátt: Líkams-og hreyfiþroski, tilfinningaþroski, vitsmunarþroski, málþroski, félagsþroski og félagsvitund, fagurþroski og sköpunarhæfni, siðgæðisþroski og siðgæðisvitund (bls 8). Margir telja að með notkun bóka og sögugerðar í leikskólum sé hægt að uppfylla flestalla þroskaþætti og starfa á flestum námssviðum sem talað er um í Aðalnámskránni. Enginn efast um þætti málræktar og málþroska í tengslum við bækur og hæfni til sköpunar er hægt að uppfylla með frjálsri sögugerð sem börnin geta tekið þátt í. Bækur og sögur eru einnig félagslega mótandi. Börn sem sitja saman í hóp og hlusta á sögu lesna eða sameinast um að búa til sögu njóta mikils félagsþroska og saman geta þau upplifað heimsins mesta ævintýri. Ferðalög í gegnum bækur lyfta hugum þeirra og örva ímyndunaraflid og þann kraft að

geta skapað myndir í höfðinu á sér. Þess vegna er afar mikilvægt að velja vel bókaefni og eigin orð í frásögnum þegar um þennan þátt leikskólastarfsins er að ræða.

Bóklestur

Langflestir eru á þeirri skoðun að bækur séu nauðsynlegur hlutur í uppeldi barna. Flestir leikskólar hafa gott úrval af bókum og bókasöfn eru sjálfsagður hluti af búnaði leikskóla. Bókmenntaarfur okkar Íslendinga er sterkur og jafnvel nú á tímum tölvutækninnar virðast bækur enn halda velli eins og hefur sýnt sig fyrir hver jól. Erna Árnadóttir (1995:49,51) segir að afar mikilvægt sé að lesa fyrir börn, með því miðlum við reynslu okkar og þekkingu. Hún segir ennfremur að þegar börn venjast því að hlusta á sögu lesna, reynist skólaganga þeim auðveldari og barn sem les mikið eigi auðveldara með stafsetningu og málfræði. Orðrétt segir hún: „Þess vegna er líka mikilvægt að börn lesi mikið í skólanum, kennarinn lesi upphátt og gefi börnum tíma til að lesa.“ (Erna Árnadóttir 1995:51).

Ungir lesendur/hlustendur læra hvernig orðin hljóma í sögunum. Þeir læra óvenjuleg orð og setningar úr bókum. Þeir endurtaka sögur eða uppáhaldsorð úr sögum vegna ánægjunnar sem felst í því að heyra og segja þau. Þeir læra hvernig bækur eru uppbyggðar (t.d. hvar sagan byrjar og hvar hún endar, hvað blaðsíður eru og hvernig á að fletta þeim), einnig öðlast þeir skilning, og hlakka til þess sem fylgir lestri bóka. Um það leyti sem börn ná þriggja ára aldri hafa þau öðlast skilning á því af hverju fólk les, hvað það les og hvernig fólk fer með ritað efni (Zeece og Churchill 2001:102).

Það er freistandi að líta á það að lesa fyrir börn sem einfalda athöfn en hið rétta er að með þessu öðlast þau ríka reynslu á mörgum sviðum. Með því að hlusta, ímynda sér, sjá fyrir sér atburðarrásina og handfjatla bækur ein eða í stærri og/eða minni hópum gefst börnum tækifæri til að læra að meta bókmenntir, læra að hugsa um og prófa sig áfram með tungumálið. Bóklestur er þar af leiðandi ekki eingöngu til skemmtunar heldur gerir hann það að verkum að börn verða færari í notkun tungumálsins, auka orðaforðann og lesturinn hefur jákvæð áhrif á menntun síðar meir. Þetta er aðeins brot af þeim ávinning sem hlýst af því að lesa fyrir börn (Galletts 2005:13).

Sú venja að lesa upphátt fyrir börn virðist þó hafa látið undan síga og eru það getgátur okkar að sjónvarpið hafi þar áhrif. Flestir fræðimenn eru þó á þeirri skoðun að bóklestur fyrir börn og með börnum hafi grundvallaráhrif á málörvun þeirra og í Aðalnámskrá leikskóla (1999:20-21) stendur meðal annars að í leikskóla eigi að leggja verulega áherslu á bóklestur fyrir börn og að velja skuli efni sem hæfi aldri þeirra og

þroska. Í Aðalnámskránni er þess vegna gengið út frá því að barnabækur séu nauðsynlegar í leikskólastarfinu.

Þegar litið er til annarra landa lítur út fyrir að fólk víðast hvar á Norðurlöndum sé á sama máli og þeir sem sömdu Aðalnámskrána. Norski fræðimaðurinn Anne Højgård (1999:311) segir meðal annars að sú athöfn að lesa upphátt fyrir barn geti komið í veg fyrir les- og skriftarörðugleika síðar meir á ævinni. Hún segir að jafnvel eins árs gömul börn geti byrjað að hafa ánægju af bóklestri, til dæmis myndabókum og því sem getur haldið athygli þeirra vakandi. Højgård segir ennfremur að það að hlusta á lestur bóka sé mikils virði í sjálfu sér því bækur hafi sinn eigin heim og kynni fyrir börnum nýtt umhverfi og jafnvel spennutilfinningu. Staðreynd er að börn sem hlusta á lestur góðra og vandaðra bóka öðlast betri tilfinningu fyrir máli og þar með betri málþroska en önnur börn. Þau fá annan og skýrari orðaforða því þau heyra orð sem kannski eru ekki notuð í daglegu tali. Þau læra að skilja samhengi og atburðarás, orsakir og afleiðingar.

Sögugerð

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) hefur verið stutt við bóklestur eins og áður hefur komið fram. En einnig kemur fram í henni mikilvægi frjálsrar sögugerðar. Lítum á bls 21: „Einnig skal segja börnum sögur og ævintýri frá eigin brjósti. Það er persónulegt tjáningarform sem nær oft athygli barna betur en upplestur úr bók. Sögumaður er í nánari tengslum við börnin og frásögnin er oft meira lifandi en þegar lesið er“ (Aðalnámskrá leikskóla 1999). Sögur sagðar frá eigin brjósti geta líka gert að verkum að hægt er að leika hreyfingar með sögunni og horfast í augu við börnin meðan á sögu stendur.

Sú hefð að segja sögur hefur alltaf fylgt mannum. Fólk sagði hvert öðru sögur til að koma í veg fyrir að því leiddist og til að halda félagsskap. Sögur voru sagðar við vinnu til dæmis um það sem var verið að gera hverju sinni og einnig voru sagðar sögur af hetjum, goðsögur og þjóðsögur. Sagnalistin þróaðist smám saman, sumir kusu að segja sögur en aðrir kusu frekar að hlusta á frásagnir annarra.

Í frásögn, sem er mikilvægur hluti hins mælda máls, á sér ekki stað eiginlegt samtal. Mælandinn er einn en áheyrendur verða að vera til staðar því að án þeirra væri engin saga. Frásögnin getur verið fjölbreytileg og áheyrendur úr ýmsum áttum enda er tilgangurinn með því að segja sögur mismunandi. Forn sögur okkar Íslendinga eiga án efa munnlegri sagnahefð margt að þakka. Margt bendir til að Íslendingasögur eigi rætur að rekja til gamalla alþýðusagna sem lengi hafi gengið í munnmælum. Sagnaskemmtun

af ýmsu tagi fékk fastan sess í þjóðlífinu eftir að kvöldvökur fóru að tíðkast. Á þessum vettvangi voru sagðar sögur og lesnar og kveðnar rímur. Sumar rímur voru sagðar vera ekkert annað en ýkjusögur felldar í rím og stuðla. Sagnafróðleikurinn var því ekki bundinn fáum atvinnumönnum eins og tíðkaðist í sumum nágrannalöndum okkar, heldur varð hann samgróinn daglegu lífi fólks. Þjóðsögur bárust því frá einni kynslóð til annarrar og stöðugt bættust nýjar við (Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988:9,20-21).

Í dag er listin að segja sögur enn í fullu gildi. Við eigum samskipti við börn og segjum þeim sögur til að skemmta þeim og miðla til þeirra upplýsingum. Allir geta lesið sögur en þegar saga er sögð myndast sérstök tengsl milli barnanna og sögumannsins. Í nútímaþjóðfélagi þar sem foreldrar eru oftar en ekki mjög uppteknir og dægrastytting barna og áhugamál snúast mikið um ópersónulega hluti eins og myndbanda- og sjónvarpsgláp, er listin að segja sögur ómetanleg í skólastarfi. Reynsla sem á sér stað í samspili þess sem segir sögur og barnanna, hjálpar þeim að þjálfra hæfileikann til að hlusta og hvetur þau til að sjá sögurnar fyrir sér í huganum. Þeir sem segja sögur verða að velja þær í samræmi við aðstæður, áhuga og aldur hlustenda (Chan 1987).

Börn frá unga aldri njóta þess að hlusta á stef, rím og leikrit og deila sögum með þeim sem standa þeim nærri. Með því að veita þeim tækifæri til þessa læra börnin tákni af ýmsu tagi, ásamt því að með þessu móti er ýtt undir læsi (Zeece og Churchill 2001:101).

Þegar kemur að því að velja sögur sem segja skal þarf að gæta þess að þær henti áheyrendahópnum hverju sinni. Í mörgum tilfellum er áhrifaríkara að segja börnum sögur en að lesa þær því þá er sögumaðurinn í nánari tengslum við barnahópinn. Augnsambandið á milli þess sem segir söguna og áheyrenda skiptir þar miklu máli. Bent hefur verið á nokkur atriði sem forðast skal þegar saga er sögð. Þau eru meðal annars að forðast að gera mikla útdúra á spennandi augnablikum og ganga ekki út frá því að börn skilji flókin orð sem geta haft úrslitaáhrif á skilning þeirra á sögunni. Einnig þarf að gæta þess að fara milliveg þess að einfalda sögurnar um of og ofskýra þær. Með því að fara millivegin er ímyndunarafl barnanna örvað og þeim gefið ákveðið frelsi og sjálfstæði til að túlka söguna sem gerir það að verkum að þau vilja heyra söguna aftur og aftur. Algengt er að sú spurning vakni meðal kennara og leikskólakennara hvort nauðsynlegt sé að læra söguna sem segja skal utanbókar. Í sumum ævintýrum skiptir orðalag miklu máli þannig að ráðlegast er að læra þau utanbókar. Ekki gefst alltaf tími

til þessa og þá er gott að leggja á minnið lykilsetningar, til dæmis tilsvör en treysta að öðru leyti á eigin málkennnd. Sumar sögur og frásagnir eru ekki eins háð því að nákvæmlega sé farið með textann og notast sögumenn þar við eigið orðfæri. Misjafnt er hvað hentar hverjum og einum, sumum reynist vel að hafa textann til hliðsjónar og líta á hann annað slagið en öðrum reynist betur að treysta á eigin frásagnarhæfni. Hvor aðferðin sem valin er krefst æfingar og ögunar og verða sögumenn alltaf að hafa það í huga að það er list að segja sögu. (Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað (1988:44-46).

Við þriggja til fjögurra ára aldur hafa flest börn lært frásagnarmálfræðina og vita hvers þau geta vænst af frásögn. Eftirfarandi atriði gilda oftast í sögu: Áhrifaríkt samtal, óvæntir og/eða ótrúlegir atburðir og endir sem er ánægjulegur. Í stuttu máli: Hið góða sigrar (Persson 1995:19).

Rannsóknir á bóklestri og frásögnum

Bóklestur fyrir leikskólabörn hefur verið mikið rannsakaður í tengslum við tungumálanám barna. Margir rannsakendur hafa fundið sterkt samband milli þess að hlusta á bók lesna og bókmenntalegs ávinnings síðar hjá leikskólabörnum. Þeir segja að sú athöfn að hlusta á lestur bóka auki ekki aðeins færni til lestrar síðar meir, heldur einnig hæfileika til að hlusta og tjá sig munnlega. Börn sem njóta reglulegrar hlustunar á bóklestur eru líklegri til að nota flókin orðasambönd og þróa hæfni til að álykta rökrænt auk þess sem með þeim þroskast jákvætt viðhorf til bóklesturs (Isbell ofl 2004:158).

Rannsóknir hafa sýnt að greiður aðgangur ungra barna að bókum getur bætt gengi þeirra í grunnskóla. Tilraun var gerð meðal barna í Birmingham á Englandi. Verkefnið var samstarfsverkefni heilsugæslu, bókasafna og Háskólans. Þessir aðilar sendu 300 níu mánaða gömlum börnum frían bókapakka. Í honum voru bækur, upplýsingar um bókakaup og bókasöfn og meðmæli með bókum. Fyrstu niðurstöður sýndu að fjölskyldur þessara barna voru meðvitaðri um bækur, duglegri að lesa fyrir börnin sín og höfðu almennt meiri áhuga á bókum, bæði á söfnum og í verslunum.

Samanburðarrannsókn var gerð tveimur árum síðar þar sem úrtak úr bóka fjölskyldunum var borið saman við fjölskyldur sem ekki höfðu fengið bókapakkann. Útkoman var að börn í bóka fjölskyldunum voru virkari að skoða bækur og sýndu þeim meiri áhuga en hin. Þegar börnin voru komin í skóla var aftur gerð samanburðarrannsókn og sýndi hún að börnin úr bóka fjölskyldunum stóðu sig betur í öllum greinum námsins en hin börnin.

Sérstaklega kom í ljós að málkunnátta þeirra var betri en hjá hinum (Wade og Moore 1998:24-26).

Ýmsar erlendar rannsóknir hafa sýnt að börn sem eru vön lestri bóka eru virkari í félagsstarfi sínu og lesa fremur sér til ánægju en vegna skyldu. Samband er einnig milli lestrarvenja foreldra og barna þeirra. Margir erlendir fræðimenn hafa bent á nauðsyn þess að foreldrar tali við börn sín um efnið sem lesið er og hversu mikilvægt er að börn hafi góðan aðgang að bókum á heimili sínu. Því miður hefur komið fram að héraend börn lesa ekki eins fjölbreytt efni eins og þau gerðu fyrir 20 árum, stúlkur séu mun duglegri við lestur og þegar upp í framhaldsskóla er komið fari ánægjulestur minnkandi (Ágústa Pálsdóttir 1998:7-9). Þegar á þetta er litið virðist algjörlega nauðsynlegt að halda við bóklestri í leikskóla. En er það svo?

Rannsókn Ágústu Pálsdóttur (1998:9,14) leiðir þó annað í ljós. Hún rannsakaði sjö fjölskyldur, börn á aldrinum 10-12 ára, foreldra þeirra, afa og ömmur, tímabilið ágúst 1995-júlí 1996. Viðtöl voru einnig tekin við fimm aðrar fjölskyldur fyrri part ársins 1990. Rúmlega helmingur elstu kynslóðarinnar hafði notið þess að lesið var fyrir þau í æsku ásamt þremur fjórðu af foreldrum barnanna. Það kom í ljós að í báðum hópum var að finna fólk sem var áhugasamt um lestur og einnig þá sem lítið lásu. Það virðist því samkvæmt þessari rannsókn ekki vera neitt samhengi milli þess að lesið er fyrir börn og áhuga þeirra á bókum síðar meir. Í öllum tilfellum hafði verið lesið fyrir börnin áður en þau urðu sjálf læs en þó voru þau mjög misjafnlega áhugasöm um lestur. Það sem kemur á óvart er að sjö börn af þessum hóp voru sérstaklega áhugalítill um bækur og lestur og fyrir fjögur þeirra hafði einmitt verið lesið mjög mikið í bernsku.

Fáar eða takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig það að segja börnum sögur hafi áhrif á nám þeirra seinna meir. Nokkrir rannsakendur tóku viðfangsefnið fyrir og Matthew P. Gallet nemandi í East Tennessee State University tók að hluta til þátt í því til að afla sér gagna fyrir meistaraaritgerð sína, þar sem viðfangsefnið var listin að segja sögu. Þátttaka Matthew miðaði að því að kanna hvaða áhrif það að heyra sögu annars vegar og hlusta á bækur lesnar hins vegar hafði á söguskilning og minni barna. Þátttakendur í rannsókninni voru leikskólabörn og börn í fyrsta og öðrum bekk grunnskóla. Bækur voru lesnar fyrir helming barnanna og hinn helmingurinn hlustaði á sömu sögur sagðar af sögumanni. Gagnasöfnunin fólst í því að kanna hæfni barnanna til að endursegja staðreyndir úr sögunum og getu þeirra til að endursegja sögurnar með því að nota rétta uppbyggingu þeirra. Túlkun barnanna á

boðskap sagnanna var einnig könnuð. Niðurstöðurnar sýndu fram á að börnin í báðum hópunum sýndu framfarir á flestum sviðum. En þegar kom að því að athuga hvor hópurinn stóð sig betur í að kalla fram (endursegja) sögurnar þá sýndu börnin sem hlustuðu á sögumanninn meiri framfarir (Gallets 2005:2).

Einkar áhugavert er að skoða ýmsar rannsóknir sem hafa verið gerðar á þroska barna sem hlusta á sögur sagðar frá eigin brjósti. Mest hefur borið á að þessi börn eiga auðveldara með að endursegja sögur sem þeim eru sagðar heldur en þær sem eru lesnar fyrir þau. Samskipti milli sögumanns og áheyrenda eru á báða vegu og með fullri þátttöku áheyrendanna og sögumenn nota frekar ýmis tónbrigði í röddinni og svipbrigði heldur en þeir sem lesa upp úr bók (Isbell ofl 2004:158).

Fyrir nokkrum árum var gerð rannsókn í Bretlandi á áhrifum þess að hlusta á sögumann segja yngstu börnum í grunnskóla sögur. Horft var til þess hvort þetta hefði áhrif á það hvernig börnin tileinkuðu sér tungumálið og hæfileikann til að hlusta og skilja. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að börnin sem tóku þátt í rannsókninni stóðu sig betur en þau börn sem hlustuðu á sömu sögur lesnar upp úr bók þegar kom að söguskilningi og auknum orðaforða (Gallets 2005:16).

Áhugaverð rannsókn var gerð árið 2001 af Walker nokkrum þar sem sögum var komið til skila til barna á þrennskonar hátt, saga var lesin fyrir einn hóp, öðrum hóp var sögd sagan og þriðji hópurinn fékk að hlusta á hana af geislaspilara. Útkoman varð sú að börnin í þeim hópi sem fékk að heyra söguna á lifandi hátt frá sögumanni höfðu betri skilning á innihaldi hennar heldur en hinir hóparnir. Einnig var gerð rannsókn í East Tennessee State University, þar sem fylgst var með þriggja og fjögurra ára börnum. Börnunum var skipt í tvo hópa, A og B og var þess gætt að hafa fjölda og aldur jafnan í hópunum. Þessi rannsókn stóð yfir í 15 vikur. A-hópurinn fékk að hlusta á sögur tvisvar í viku og voru sömu sögurnar lesnar jafnoft upp úr bók fyrir hóp B. Eftir að börnin höfðu heyrt söguna, annaðhvort lesna eða sagða, voru þau beðin um að endursegja hana. Einnig var öllum börnunum sýnd myndabók án texta og þau beðin um að segja frá hvað væri að gerast í bókinni. Þetta var gert til að kanna orðaforða og ímyndunarafli barnanna á milli hópanna. Rannsóknin sýndi að börnunum í leshópnum gekk verr að segja frá sögunni heldur en hinum hópnum. Leshópurinn brá á það ráð að lýsa myndrænt því sem hann vildi segja. Til dæmis mundi einn drengur í leshópnum alls ekki orðið „geit,“ en þurfti að lýsa henni myndrænt til að hægt væri að skilja við hvað hann átti. Aftur á móti áttu börnin í hlustunarhópnum einkar auðvelt með að setja söguna í orð. Þau virtust

frekar muna persónurnar í sögunni og andrúmsloftið þar sem sagan átti að gerast (Isbell ofl 2004:159-161).

Bækur og sögur

Að lesa bækur og að segja sögur er sambærilegt að mörgu leyti. Sumir kjósa að lesa sömu sögur og aðrir kjósa að segja frá án þess að hafa texta. Munurinn á miðlun sagnanna felst einkum í því að þegar saga er lesin úr bók eru bæði hið talaða orð og texti til staðar. Þetta gerir það að verkum að báðum þáttum er miðlað í einu. Að segja sögu krefst þess ekki að texti sé til staðar, en hefur engu að síður menntunarlegt gildi.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir bókmenntafræðingur (2000:24) nefnir í grein nokkurri að barnabækur hafi margvíslegt gildi í uppeldi og menntun barna. Hún segir að bækur uppfylli þörf fyrir skemmtun, fræðslu og sögu og hafi sterk ítök á menningar- og listasviðinu. Hún tengir saman bækur og myndlist og segir góðar bækur vera ríkulega skreyttar myndum og þetta samspil mynda og texta sé afar mikilvægt.

Kveðskapur og söngur ásamt sögum hafa mikið gildi þegar kemur að málþroska og leggja ber því áherslu á að söngur og lestur séu hluti af daglegum venjum barna í leikskóla. Það eflir málkennd barna að vinna með vandaðan texta, þjálfar framburð og eykur tilfinningu þeirra fyrir fjölbreytileika og blæbrigðum málsins sem þau kynnast síður í daglegu máli. Tilfinning fyrir formi og hljómfalli málsins styrkist og á þetta við bæði sögur og ljóð. Með því að lesa fyrir börn eða segja þeim sögur eflir það tilfinningu þeirra fyrir atburðarás og styrkir þeirra eigin frásagnarhæfileika. Til að örva frásagnarhæfileika barna enn frekar þarf að gefa þeim tækifæri til að tjá sig um eigin reynslu og búa til sínar eigin sögur. Allir þessir þættir efla sköpunarhæfni barna á sviði málræktar (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2000:24).

Margir menntafrömuðir hafa lýst því að það að segja sögu snúist ekki eingöngu um að flutning á texta sem lærður hefur verið utan bókar, heldur gagnkvæm samskipti milli þess sem segir söguna og hlustenda (Gallets 2005:14).

Þegar kemur að því að velja efni til að lesa eða segja frá er af mörgu að taka. Mikið úrval er til af barnabókum, bæði eftir íslenska og erlenda höfunda. Sumar styðjast að miklu leyti við myndir og aðrar við texta eins og nánar verður vikið að í næsta kafla. Mikil aukning hefur verið í útgáfu barnabóka síðustu áratuginna á Vesturlöndum. Aukninguna má að miklu leyti tengja breytingum á bókaframleiðslunni þar sem mikið efni er prentað fyrir stóran markað í einu og auglýsingaherferðir tengdar henni. Ekki eru

allir á eitt sáttir um þessa þróun og telja að líta beri á barnabækur fyrst og fremst sem bókmenntir fremur en fjöldaframleidda söluvöru sem ekki er lagður mikill metnaður í (Silja Aðalsteinsdóttir 1982:30-31). Með þetta sjónarmið að leiðarljósi þarf að vanda til verka þegar valið er efni til að lesa fyrir börn.

Þjóðsögur og ævintýri verða oft fyrir valinu hvort sem þær eru lesnar úr bókum eða mæltar af munnni fram. Þetta eru spennandi sögur, sem þær urðu að vera til að geymast í minni fólks. Margir barnabókahöfundar hafa stuðst við form og efni þjóðsagna og ævintýra í bókum sínum (Silja Aðalsteinsdóttir 1982:72).

Myndabækur

Fyrsta íslenska myndabókin kom út árið 1853 og var lítið kver sem hét *Myndabók handa börnum*. Höfundar þeirrar bókar er hvergi getið en Egill nokkur Jónsson kostaði útgáfuna og var bókin þýdd úr dönsku. Ekki fór mikið fyrir útgáfu myndabóka framan af 20. öld en einna þekktastur íslenskra listamanna í myndabókum er sennilega Guðmundur Thorsteinsson eða Muggur eins og hann er kallaður. Frægastar bóka hans eru kannski *Tíu litlir negrastrákar* og *Sagan af Dimmalimm*. Ýmissa annarra teiknara má geta eins og Tryggva Magnússonar, Nínu Tryggvadóttur og Halldórs Péturssonar. Öll settu þau mark sitt á íslenska myndabókagerð á 20. öld. Meðal nýrra myndabókahöfunda í dag má nefna Sigrúnu Eldjárn, Brian Pilkington og Önnu Cynthiu Leplar (Margrét Tryggvadóttir 2005a:38-67).

Nina Christensen (2002:167-168) segir að myndabók sé bók sem segi sögu, annað hvort með samspili mynda og texta eða með myndum eingöngu. Sagan sé sögð með það í huga að hún sé lesin af börnum eða að hún sé lesin fyrir börn. Með þessari skilgreiningu er lögð áhersla á samspil mynda og texta, að í myndabókinni sé saga, frásögn, að myndabókin sé aðallega ætluð börnum. Einnig að þar sem bókin er ætluð til upplestrar sé áhersla á orðaforða (textann), áhersla á það myndræna og áhersla á munnlega tjáningu.

Fantasían er efni sem hefur lengi notið mikilla vinsælda í myndabókum, sérstaklega fyrir yngri börnin. Algengt er að dýr séu í aðalhlutverki og að þau hafi alla mannlega eiginleika þannig að börnin geti yfirfært sig yfir á þau. Í fantasíu er allt mögulegt, dauðir hlutir öðlast líf og persónur geta ótrúlegustu hluti. Þannig skapast meiri möguleikar til að efla ímyndunaraflið (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:67-68).

Það er mjög mikilvægt að gefa út myndabækur sem byggja á þjóðlegum arfi. Við eigum að kappkosta að viðhalda gömlum sögnum og þjóðtrú. Bækur Brians Pilkington um

Dynk og Hlunk eru dæmi um bækur sem fagna ber í íslenskri myndabókaútgáfu en þær fjalla um tröll og myndirnar eru listilega teiknaðar.

Hlutverk mynda í barnabókum er stórt. Myndir vekja oft forvitni lítilla barna á því sem stendur í textanum og geta þannig aukið áhuga barnanna á bókum. En jafnframt geta þær komið inn hjá lesandanum stöðluðum fordómum og einföldunum á persónum bókanna þar sem hetjurnar eru góðar og fallegar en bófarnir ljótir. Margar af myndum í bókum fyrir lítil börn eru þannig staðlaðar ímyndir af fólki og stuðla að einhæfri sýn á lífið (Ragnheiður Gestsdóttir 1984:369).

Myndabókum er hægt að skipta í flokka.

1. Bækur sem í eru aðeins myndir sem segja söguna.
2. Bækur þar sem myndir segja aðallega söguna, textinn er eingöngu til að tjá það sem myndirnar geta ekki.
3. Bækur þar sem jafnvægi er milli mynda og texta og þessi atriði skiptast á um að segja söguna.
4. Bækur þar sem textinn gæti staðið einn en myndirnar eru til uppfyllingar (Nordberg 2001:59).

Danski bókmenntafræðingurinn Jens Sigsgaard skipti myndabókum í tvo flokka, annars vegar „setið í kjöltunni–bækur“ og hins vegar „legið á maganum–bækur.“ Fyrri flokkurinn á við bækur sem lesnar eru fyrir ólæs börn en hinn seinni við bækur sem börnin lesa sjálf.

Samkvæmt þessari flokkun er hægt að álykta að bækur í flokkum 1-3 séu „setið í kjöltunni–bækur“ en síðasti flokkurinn eigi við um „legið á maganum–bækur (Margrét Tryggvadóttir 2005b:101-102). Það má einnig álykta að bækur á leikskólum flokkist þá undir að vera „setið í kjöltunni–bækur.“ Með þessum greiningum sést að bækur fyrri flokksins krefjast þess að setið sé með barnið og lesið með því.

Allar myndabækur eru byggðar á söguþræði eða hugmyndum sem bókin er samin í kringum. Tíminn skiptir líka máli. Til dæmis eru textalausar myndabækur háðar einhverskonar tíma eða fléttu þess sem er að gerast í bókinni. Samspil mynda og texta er nauðsynlegt í myndabókum þar sem einnig er texti. Á sama hátt og teiknarinn getur túlkað söguna með myndunum, getur textahöfundur gert slíkt hið sama. Hægt er að túlka lykt, hljóð og hugsanir persónanna með myndunum (Nordberg 2001:62-64). Það er því hlutverk leikskólakennarans eða þess fullorðna að bjóða börnunum upp á frjálsa túlkun myndanna svo þau geti notað ímyndunaraflið sitt og frjálsa hugsköpun.

Heimur nútímabarnsins er fullur af myndrænu áreiti. Sjónvarp, myndabækur og tölvur eru oftast en ekki fyrirmynd barnanna. Fjölbjóðleg framleiðsla einkennir barnaefnið og mest er lagt upp úr markaðshyggju í þeim efnum. Samsvörun við venjulegt umhverfi íslenskra barna er ekki til í því iðnvædda barnaefni sem streymir inn í landið í gegnum ýmsa fjölmiðla (Ragnheiður Gestsdóttir 1992:29-31). Með þessu á Ragnheiður líklega við til dæmis Disney-flórana sem ýmsir fræðimenn eru ekki mjög hrifnir af. Disney-samsteypunni hættir til að útbýna ævintýrin og breyta þeim í takt við þá tilhneigingu að „fegra“ þau. Að því er komið í næsta kafla um þjóðsögur og ævintýri.

Þjóðsögur og ævintýri

Flest lönd eiga sér þjóðsögur og oft flakka sagnaminni milli landa og skryðast svo sérþjóðlegum búningi á hverjum stað. Þetta er algengast í þeim flokki sagna sem kallast ævintýri, en talað er um þau sem deild þjóðsagna fremur en sjálfstæðan flokk. Skil á milli þjóðsagna og ævintýra eru stundum óljós. Kalla má þjóðsöguna systur ævintýrisins. Þjóðsagan er bundnari samfélagi, tíma og einstaklingum en ævintýrið og er tengdari daglegu lífi manna (Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988:22-23).

Þjóðsögur eru nátengdar ákveðnu samfélagi og ákveðnum tíma en þær bera þó meiri og minni keim af ævintýrum. Sem dæmi um þetta má nefna íslenskar útilegumanna- og tröllasögur og huldufólkssögurnar sem eru talsvert ólíkar þeim álfasögum sem safnað hefur verið annars staðar á Norðurlöndum.

Í íslenskum þjóðsögum birtast myndir úr daglegu lífi fólks í þeirri veröld sem var. Sögurnar eru skapaðar af mörgum höfundum þar sem þær hafa gengið á milli manna og móttast af flytjendum og áheyrendum. Þær ættu því að geta birt einhvers konar félagslega vitund, heimssýn eða lífsskilning ákveðins hóps eða tímabils. Alþýðufólk svo sem vinnumenn, vinnukonur, smalar og sauðamenn og einnig olnbogabörn eru oftast en ekki söguhetjur sagnanna (Guðrún Bjartmarsdóttir 1982:321-322).

Ýmist speglast bjartsýni eða bölsýni í þjóðsögum og fer sagan vel eða illa eftir atvikum. Þjóðsögur móttast af lífskjörum, staðháttum og landslagi og er því mörgu á annan veg farið í íslenskum þjóðsögum en erlendum. Hér á landi eru tröllamyndir algengar í landslaginu og eru tröllasögur því algengar. Einnig eru draugasögur og útilegumannasögur algengari hér en annars staðar og má að öllum líkindum tengja það langnætti, víðáttu óbyggðanna og hrikaleik íslenskrar náttúru (Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988:23-24).

Þjóðsögur greina frá atvinnuháttum, siðum og venjum, mannfögnum og ferðalögum. Þær gefa persónum og landslagi líf og lit því að örnefni og kunnir staðir koma oft við sögu. Þjóðsögurnar eru því fræðandi um hagi lands og lýðs og lífshætti fyrri tíma sem er mikilvægt fyrir kynslóðina sem nú er að vaxa úr grasi og þær sem á eftir koma (Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988:34-35).

Sumir rannsakendur halda því fram að mynstur ævintýra sé alltaf eins, og sé á þessa leið: Í samfélagi sögunnar fer eitthvað úrskeiðis, þá tekur hetjan að sér að bæta úr því. Hetjan leggur af stað að heiman og gengur í gegnum margskonar prófraunir sem skera úr um manngildi hennar og hetjuskap. Þegar hetjan hefur leyst vandann snýr hún aftur heim og hlýtur vegleg laun fyrir dáðina. Verðlaunin eru oftast en ekki prinsessan og hálftríkið eða heilt. Töfragripir eða yfirnáttúruleg hjálp sem hetjunni leggst til eru mikilvæg atriði í ævintýrum. Þessi atriði hafa úrslitaáhrif á gang sögunnar sem alltaf fer vel að lokum.

Sagt hefur verið að ævintýrið sé heimurinn í hnotskurn. Brottför söguhetjunnar og þær raunir sem hún gengur í gegnum eru táknrænar fyrir þroska barnsins sem fyrr eða síðar verður að læra að standa á eigin fótum. Barnið sér sjálft sig í söguhetjunni, ekki síst fyrir þær sakir að hún er yfirleitt frekar lítill bógu og glímur við sömu vandamál og barnið sjálft. Góður endir ævintýranna stuðlar því að bjartsýni barna og lífstrú (Guðrún Bjartmarsdóttir 1982:320-321).

Nú á seinni tímum er algengast að ævintýrin séu ætluð börnum, en upphaflega voru þau ekki sérstaklega ætluð þeim. Rætur margra ævintýra má rekja til Austurlanda, til dæmis Indlands og eru þau eldforn arfur mannsins á jörðinni (Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988:27).

Áhugi barna á ævintýrum er án efa háður mismunandi þáttum, sem dæmi má nefna hefð, hvernig börnum eru kynnt ævintýrin, við hvaða aðstæður þau eru sögð eða lesin og persónuleika barnanna. Fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um á hvaða aldri börn eru móttækilegust fyrir ævintýrum. Einhverjir hafa bent á að áhuginn kvikni á unga aldri, áður en að börnin verði læs og nái hámarki á milli sex og átta ára aldurs. Þegar börn eru á aldrinum tíu til ellefu ára hverfur áhuginn og þá fá börn áhuga á raunsæislegum sögum (Kristín Unnsteinsdóttir 2005:27).

Jóna Valborg Árnadóttir (2005:16) segir í grein sinni að gömlu ævintýrin á borð við Mjallhvíti og Þyrnirós hafi um skeið verið harðlega gagnrýnd af femínistum sem hafa bent á mismun á karlhetjum og kvenhetjum ævintýranna. Í þeim séu konurnar nokkurs

konar verðlaun fyrir hugrakka prinsinn og hamingja þeirra einskorðuð við hjónaband um leið og hamingja karla felist í völdum. Femínistar töldu þessi ævintýri ekki vera holl fyrir stelpur því þau undirstriki mikilvægi þess að þær séu fallegar og óvirkar en drengirnir hugrakkir og sterkir gerendur. Annað sjónarmið kemur fram í grein Kristínar Unnsteinsdóttur (2005:27) þar sem skýrt er frá að kennimenn hafi komist að þeirri niðurstöðu að með því að draga úr þeim atburðum sem ævintýrin greina frá geta þau í raun orðið enn ógnvænlegri en áður var. Þetta er stutt á þann hátt að refsingin sem slík í ævintýrunum vekur ekki mikinn ótta hjá börnum. Aftur á móti getur skortur á refsingu orsakað ógn og skelfingu hjá börnunum.

Fyrir á öldum voru engar barnabækur til og börn jafnt og fullorðnir kváðu rímur og sögðu þjóðsögur sér til dægurstyttingar. Börnin vöndust því stundum skelfilegum heimi þjóðsagnanna þar sem allt gat gerst. Fagmenn á sviði sálfræði segja að ógn og skelfing í þjóðsögum sé ekki óholl börnum. Þau læra að hafa þarf fyrir hlutunum og samræma sig oft á tíðum söguhetjum ævintýranna þar sem þær takast á við ýmsar hindranir. Kvíði og ótti býr oft með börnum án þess að þau verði vitni að einhverju hræðilegu. Með því að samsama sig átökum í sögum og ævintýrum, vaxa þau í átt til innri þroska. Áður en þessar kenningar komu fram var mikil tilhneiging til að fegra þjóðsögurnar og ævintýrin en í dag eru þau frekar viðurkennd (Silja Aðalsteinsdóttir 2005:11). Það að hlusta á ævintýri er menntun í að hugsa í myndum og táknum, einnig að hugsa um hluti sem er ekki hægt að skilja á annan hátt. Mikilvægt er að fullorðnir jafnt sem börn muni að hugur manns er langtum fegurri en jörðin sem hann dvelur á (Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988:35).

Málproski barna

Lestur bóka og frásagnir geta haft styðjandi áhrif á málproska barna á leikskólaaldri þar sem þau eru stödd á mikilvægu næmiskeiði þess að tileinka sér móðurmálið. Lengi hefur máltaka barna verið fræðimönnum ráðgáta. Miðað við þroska barna geta þau á undraverðan hátt náð tökum á málfræði móðurmáls síns og því að tala það. Öfugt við atferlissálfræði Skinners fá börn hreint enga umbun fyrir að gera sig skiljanleg og innflytjendabörn læra nýja málið á ótrúlega stuttum tíma, þrátt fyrir að foreldrar þeirra hafi ekki enn náð tökum á því. Chomsky, hinn virti fræðimaður, segir að í mannshuganum sé búnaður sem gerir tungumálanám framkvæmanlegt. Jafnframt segir

hann að börn búi yfir hæfileikum til að mynda sína eigin málfræði (Indriði Gíslason og Jón Gunnarsson 1980:80-81).

Snemma fara börn að taka eftir umhverfishljóðum. Nokkurra vikna veita þau eftirtekt söngli foreldra og gælum og geta með einhverjum hætti haft við þau samskipti. Hjal barna er mjög mismunandi og tekur breytingum á fyrsta árinu. Eftir sex mánaða aldurinn koma fram ýmis fullorðinshljóð eða tilraunir til mannamáls. Tvöföldun atkvæða eins og ma-ma eða ba-ba fara að koma í ljós og um eins árs aldurinn fer hjalið að breytast í eiginlegt mál og hafa merkingu (Sigurður Konráðsson 1991:15-17).

Börn af öllu þjóðerni ganga í gegnum sömu stigin í málþroska. Ýmsar rannsóknir hafa leitt í ljós að burtséð frá þjóðerni barna nota þau einkum nafnorð í fyrstu. Sagnorð koma á eftir og rannsóknir sýna að börnin læra merkingu sagnorða helst í gegnum setningafræði. Eftir eins árs aldurinn fer orðum að fjölga í orðaforða barnanna og þegar þau hafa lært 50-200 orð, byrja þau að setja tvö orð saman, til dæmis „Anna lúlla“ eða „Anna á.“ Þessar fyrstu setningar barnanna kallast stundum símskeytamál því í þeim koma fyrir nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og stundum atviksorð en ekki forsetningar, samtengingar, greinir eða fornöfn. Á þessu stigi virðast börn geta áttað sig á orðaröðinni í setningunni, að setja nafnorð á undan sagnorði en enn hafa þau ekki náð valdi á að beygja sagnirnar (Sigríður Sigurjónsdóttir 2004:8-9).

Tungumálanám er langtum meira en að læra orðin. Það krefst samspils manna á meðal og í gegnum þetta samspil er máltaka barna. Þau læra að hafa samskipti við fólk, þau læra hvernig og hvenær málið er notað og þau læra kurteisisreglur, til dæmis með því að þakka fyrir þegar að þeim er rétt eitthvað og kveðja. Þau læra að þau öðlast gæði með því að biðja um eitthvað og þau geta notað málið sér til framdráttar. Það hvetur þau til frekara málanáms. Um leið og barnið lærir móðurmál sitt lærir það ennfremur menninguna í umhverfinu og hvernig það á að hegða sér við ákveðnar aðstæður. Til dæmis er til siðs í ýmsum Asíulöndum að barn horfir ekki í augu fullorðins, heldur lítur niður fyrir sig til að tákna virðingu. Hér á Vesturlöndum viljum við horfa í augu barns sem við tölum við. Ef barn getur ekki horft í augu okkar, vitum við að barnið hefur slæma samvisku, (svo framarlega sem það hefur ekki hlotið neina greiningu – innskot höfunda). Við segjum: „Horfðu í augun á mér“ við barnið en barn sem hefði alist upp í víetnamskri menningu myndi telja að ef það horfði í augu fullorðins væri það merki um virðingarleysi af hálfu barnsins (Højgård 1999:48,50).

Tveggja ára gömul börn kunna ekki að greina á milli kaldhæðni og alvöru hjá fullorðnum. Þau geta heldur ekki skilið tvírætt orðalag og eru mjög auðtrúa. Þau herma líka flest orð eftir fullorðnum og oft endurtaka þau síðasta orðið sem sagt er. Þau eru yfirleitt ekki meðvituð um hvað orð eru en nota þau í ákveðnum tilgangi. Orðaleikir henta ekki börnum á þessum aldri og málfræðikunnátta er á því stigi sem sumar tegundir apa hafa fullt vald á (Sigurður Konráðsson 1991:6-8). Þegar börn læra að tala, byrja þau oft að beygja sterkar sagnir rétt en með auknum skilningi virðast þau búa til sína eigin reglu og beygja allar sagnir veikt. Til dæmis segja þau „Sigga braut“ áður en þau segja „Sigga brjótti.“ Þau hneigjast til að læra að beygja allar sagnir veikt og það helst jafnvel í mörg ár. Þetta virðist gerast hjá börnunum þótt þau heyri aldrei sagnirnar beygðar á þennan hátt. Þetta segir okkur að þau hafa einhvers konar innri málfræði (Indriði Gíslason og Jón Gunnarsson 1980:59-60).

Á þriðja ári eykst orðaforðinn til muna og barnið lærir að meðaltali 8-10 orð á dag. Þetta er sennilega mesta nám ævinnar sem fer fram daglega á þessum aldri. Barnið lærir ekki einungis orðin, heldur líka að raða þeim í setningar ásamt málfræðinni og framburði. Þau læra fyrst og fremst orð sem eiga við daglegt líf þeirra. Orð yfir mat, föt og líkamshluta koma snemma og orð yfir dýr, farartæki og húsbúnað eru vinsæl hjá ungum börnum. Snemma læra þau kveðjuorð, spurnarorð og ekki má gleyma sérnöfnum á fólki. Dæmi er um að meðal 50 fyrstu orða barns séu 10 mannanöfn (Sigurður Konráðsson 2000:162-165).

Þegar umhverfi barna er hannað til náms með tilliti til ritmáls og málproska er nauðsynlegt að nægt úrval sé af ritmáli í formi bóka, púsluspila, ritfanga, bókstafa og segulstafa. Gott er að hirslur séu merktar annars vegar með innihaldinu og hins vegar með nöfnum barnanna. Á deild sem leggur mikla áherslu á að hafa ritmál sýnilegt þarf að vera ýmis efniviður og stuðningur við nám barnanna á ritmálssviðinu. Kennarar þurfa að vera fúsir til að lesa fyrir börnin og hvetja til listsköpunar í gegnum leikinn. Nauðsynlegt er að kennsla í ritmáli sé samofin listsköpun eins og myndlist og tónlist. Einnig þurfa kennarar að gæta þess að flétta ritmálkennslu inn í lífsreynslu barnanna og upplifun af umhverfinu (Barclay ofl 1995:27). Í Aðalnámskrá leikskóla (1999:21-22) kemur fram að ritmál í umhverfi og leikjum örvar börnin og hvetur þau til áhuga á bókstöfum og hvernig þeir raðast saman. Þar stendur enn fremur að eigi að hafa ritað mál í umhverfinu og til dæmis að skrifa nöfn barnanna við myndir þeirra. Það hvetur börnin til að tengja saman skrifaðan texta og talmálið og undirbýr þau fyrir

lestrarkennslu. Einnig stendur í Aðalnámskránni: „Bækur þurfa að vera hluti af daglegu umhverfi barna til að þau læri að njóta þeirra“ (Aðalnámskrá leikskóla 1999:20). Þetta er hægt að túlka á ýmsan hátt en vel má þó skilja að það að vera hluti af daglegu umhverfi þýði að barnið eigi að geta haft frjálst aðgengi að bókum.

Rannsóknir á málþroska

Jón Gunnarsson og Indriði Gíslason hófu árið 1978 rannsókn á máli og máltöku fjögurra til sex ára barna. Úrtakið voru 200 börn, helmingurinn á höfuðborgarsvæðinu og helmingurinn úti á landsbyggðinni. Upptökum lauk árið 1983 og kom skýrslan út árið 1986. Helstu niðurstöður framburðarrannsókna eru þær að börn eiga í erfiðleikum með samhljóðaklasa og eiga til að fella út stöku samhljóð. Börn sem ráða ekki við viss atriði fjögurra ára eiga ekki í erfiðleikum með þau sex ára. Helstu niðurstöður um myndun fleirtölu eru þær að fjögurra ára börnin nota oft eintölumyndir í stað fleirtölu, þau alhæfa *ar*-endinguna og gengur verst með fleirtölumyndir þar sem þarf að breyta stofni orða, til dæmis *sagir – sög*. Sex ára börnin eiga enn í erfiðleikum með *ar*-endingar en þó eru þau farin að ná betri tókum á fleirtölu. Enginn munur var á svörum eftir kynjum en þó nokkur munur var á svörum eftir búsetu barnanna og kom Reykjavík þar best út. Menntunarstig foreldra virtist hafa áhrif og var árangur barnanna betri eftir því sem foreldrarnir höfðu að baki lengri skólagöngu. Þau börn sem áttu útivinnandi mæður komu betur út en önnur börn og einnig börn eldri foreldra. Börn sem áttu við veruleg veikindi að stríða stóðu sig lakar en önnur börn (Sigurður Konráðsson 1987:28).

Hrafnhildur Ragnarsdóttir gerði einnig rannsókn á máli fjögurra til átta ára barna þar sem hún kannaði hvernig þau skilgreina merkingu ýmissa orða. Úrtak hennar voru íslensk, norsk, dönsk og sænsk börn. Rannsóknin sýndi að yngstu börnin gátu ekki gert greinarmun á bróður og bróður móður sinnar. Hjá þeim var „pabbi“ pabbi allra fjölskyldumeðlima og „mamma“ mamma allrar fjölskyldunnar. Hrafnhildur birtir í grein sinni viðtal við Ole, danskan dreng sem er fimm ára og sjö mánaða. Hann á 15 ára bróður. Aðspurður hvort bróðir hans eigi lítinn bróður, svarar hann að þau eigi engan lítinn bróður. Þegar hann er spurður hvort pabbi hans eigi mömmu, svarar hann „Jytte“ sem er hans eigin mamma. Hann gerir ekki greinarmun á mömmu sinni og mömmu pabba hans. Smám saman byrja svo börnin að skilja merkingu orðanna og við átta ára aldurinn skilja þau ættartréð og tengslin milli foreldra, afa, ömmu og systkina.

Ennfremur voru niðurstöður rannsóknarinnar þær að íslensku börnin voru ári á undan öðrum börnum í rannsókninni með að átta sig á fjölskyldutengslum. Ástæðan gæti verið

sú að ættartengsl eru nánari hér á Íslandi en annars staðar. Útkoma úr rannsókninni þar sem prófaðar voru sterkar og veikar sagnir sýndu að norsku fjögurra ára börnin stóðu sig betur bæði í sterkum og veikum sögnum en þau íslensku, en við sex ára aldurinn náðu íslensku börnin forskoti og við átta ára aldur var lítill sem enginn munur. Dönsku börnin voru á allan hátt síðri og dönsku átta ára börnin beygðu sterkar sagnir rétt í 61% tilvika á móti því að íslensku börnin voru með rétt beygðar sagnir í 87% tilvika. Þegar rannsóknin er öll skoðuð, kemur í ljós að við fimm ára aldurinn eru öll börnin vel máli farin. Þau nota oft réttar beygingar og geta notað móðurmálið á margvíslegan hátt. Heilmikill þroski á sér stað á árunum fimm til átta ára. Átta ára börnin geta beygt flestar sterkar sagnir, geta sett sig í annarra spor og geta útskýrt sitt mál. Þau geta skipst á upplýsingum, sett orð í samhengi og orðaforði þeirra er orðinn mun stærri (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2000:91-106).

Frávik í málþroska

Sum börn þroskast ekki málfarslega eins og önnur börn. Það getur verið allt frá seinkun í málþroska til nokkurrar fötlunar í tali. Í mörgum tilfellum er málþroskafrávik fylgikvilli heilaskaða, heyrnarleysis eða líkamlegrar fötlunar. Frávikin geta falist í málhömlun, vangetu með málfræði og talerfiðleika. Rannsóknir hafa sýnt að milli 6 og 10% af börnum á leikskólaaldri eða í fyrstu bekkjum grunnskóla hafa einhvers konar málhamlanir. Þær skiptast í talörðugleika og málörðugleika. Talörðugleikar eru samheiti á vandamáli með sjálft talið, rödd og framburð. Málörðugleikar eru þegar skilning vantar á innihaldi orðanna (Højgård 1999:222).

Málhamlanir ýmiss konar má rekja til meðgöngu. Orsökina getur verið erfðafræðileg, ýmist seinþroski eða skerðing í uppbyggingu eða starfsemi á málsvæðum heilans. Ennfremur getur verið um sjúkdóma á meðgöngu að ræða. Heyrnarleysi getur orsakað málhömlun jafnvel þótt heilinn sé þroskaður sem slíkur. Skilyrði fyrir því að málsvæði heilans þroskist eðlilega er að þau séu örvuð. Ef um heyrnarleysi er að ræða verður engin heyrnræn örvun og þess vegna er mjög mikilvægt að það uppgötvist snemma. Vinstra heilahvelið sem stjórnar máli og málnotkun skiptist annars vegar í Broca-svæðið þar sem máltjáningin fer fram og hins vegar í Vernocke-svæðið sem tengist málskilningi. Ýmis önnur svæði vinstra heilahvelsins gegna mikilvægu hlutverki í málþroska og aftari hluti heilans inniheldur svæði sem tengjast greiningu á hljóði, heyrnrænni úrvinnslu, skilningi á máli og heyrnarminni. Ýmsir fræðimenn segja að viss svæði hægri heilahvels gegni ákveðnu hlutverki meðan börnin eru lítil og máltaka fer

fram en smátt og smátt taki vinstra heilahvelið við og því þurfi boðleiðir heilahvelanna að vera greiðar (Jónas Halldórsson 1993:174-175).

Þegar barnið á í erfiðleikum með sjálft talið, geta ástæðurnar verið margs konar. Ef erfiðleikar eru með að bera fram rétt hljóð, tölum við um framburðarerfiðleika. Reiknað hefur verið út að 15% af sex ára gömlum börnum hafi ólíka framburðarerfiðleika, 10% af sjö ára börnum og 4% af 12 ára börnum. Annað vandamál getur verið varðandi röddina. Barnið getur þjáðst af hæsi, þvingaðri rödd, veikri eða skrækri rödd, nefmælgis og því að röddin liggur of hátt eða of lágt. Orsökina getur verið röng notkun raddarinnar, því að barnið þurfi að hrópa og kalla til þess að í því heyrir. Þetta getur meðal annars stafað af hávaða í umhverfinu. Stam er þriðja vandamálið sem tengist sjálfu talinu. Endurteknar hreyfingar, kækir og öndunarvandamál geta fylgt stami. Eins og með önnur talvandamál þarf barn sem stamar að fá hjálp hjá talmeinafræðingi (Højgård 1999:223-225).

Þegar vandamálið liggur í skilningi og merkingu orðanna, tölum við um málörðugleika. Vandamálið getur verið bundið við orðaforða, orðskilning eða notkun málsins. Ef orðskilningnum er áfátt, tölum við um *merkingarfræðilegt vandamál*. Barnið á í erfiðleikum með að skilja merkingu þess sem er sagt við það. *Hljóðfræðilegt vandamál* er það kallað þegar barnið getur ekki nýtt mismuninn milli máhljóðanna til að skilja hvert hljóð frá öðru. Við tölum um *beygingarlegt vandamál* þegar barnið getur ekki sundurgreint orð málfræðilega, *setningafræðilegt vandamál* þegar barnið á erfitt með að skilja setningu í heild og *rökfræðilegt vandamál* þegar barnið kemst ekki inn í orðræðu annarra og á erfitt með að túlka samfélagið í heild sinni. Öll þessi vandamál krefjast góðrar úrlausnar og að þau séu uppgötvuð sem fyrst. Oft getur tekið langan tíma að finna út hvað er að og stundum eru málörðugleikar greindir sem námsörðugleikar (Højgård 1999:226-230).

Það er því ljóst að málvillur allskonar þarf að laga og reyna að koma í veg fyrir málhelti með öllum ráðum. Þar er komið inn á þroskaþátt í Aðalnámskránni sem leikskólakennurum ber að sinna, sem er málþroskinn. Hann örvast helst í miklum mállegum samskiptum og fjölbreyttu starfi og leik. Ein mikilvægasta aðferðin sem leikskólakennarar geta nýtt til málrættar er samtöl við börn. Samtölin geta sprottið við óformlegar aðstæður eða verið um ákveðið viðfangsefni sem verið er að fjalla um. Því er mikilvægt að nýta hvert tækifæri sem gefst til að svara áhuga barnanna með því að

tala við þau þegar þau vilja og eru tilbúin til þess (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2000:23-24).

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) segir að flétta skuli málörvun í sem flesta þætti leikskólastarfsins. Leikurinn er sérstaklega nefndur í þessu skyni auk annarra stunda í dagsins önn. Einnig er tekið fram að lestur barnabóka og sögur sagðar frá eigin brjósti séu farsælar leiðir til málörvunar.

Hjallastefnan

Ýmsir leikskólar hér á landi hafa tekið þá ákvörðun að hafa fáar bækur í leikskólanum en leggja meiri áherslu á frjálsa sögugerð. Þar má til dæmis nefna Waldorfleikskólana og Hjallastefnuleikskólana. Á heimasíðu Waldorf stendur að sögur séu sagðar beint, ekki úr bók og ekki af bandi. Á þann hátt myndist sérstakt samband milli sögumannsins og áheyrendanna og börnin kynnist tungumálinu á sérstæðan og skapandi hátt (Waldorf [án árs]).

Hvaða rök skyldu svo þessir leikskólar færa fyrir því að nota eins lítið bækur í starfi sínu eins og raun ber vitni? Á heimasíðu Hjallastefnunnar er að finna ýmsan fróðleik um stefnuna en lítið um hvers vegna bækur eru notaðar í litlum mæli. Talað er um að endursegja barnasögur og semja „bullsögur,“ segja sögur frá eigin bernsku og frá eigin brjósti. Einnig er talað um þjóðlegar sögur og að börnin læri sjálf að segja sögur (Hjallamiðstöðin [án árs]).

Í viðtali við Margréti Pálu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar (2008) kemur fram að lögð er rík áhersla á að vinna með frjálsa sögugerð á þann hátt að semja sögur og vinna með ritmálið um leið, annaðhvort með því að teikna myndir eftir sögunni eða að teikna það sem hugurinn leyfir og semja söguna út frá því. Margrét Pála leggur afar sterka áherslu á að nota ekki bækur sem millilið, frekar að beintengja við börnin og endursegja heldur sögurnar. Margrét Pála segir sagnahefð Íslendinga vera á fallandi fæti og rétt sé að endurvekja og halda við þeim sið, eða það sem hún kallar „munnlega geymd.“

Ýmsir fræðimenn hafa haldið því fram að með því að hlusta á sagðar sögur ýti það frekar undir ímyndunaraflið heldur en að hlusta á sögu sem lesin er upp úr myndabók. Hlustendur verða með þessu að móta og sjá fyrir sér í huganum atburðarás sögunnar. Einnig skapast gagnkvæmni milli sögumanns og þeirra sem hlusta og geta þeir síðarnefndu haft áhrif á söguþráðinn (Gallets 2005:14-15).

Margrét Pála segir að teiknaðar myndir í barnabókum séu óhjákvæmilega túlkaðar af fullorðnu fólki fyrir börnin og það sé ekki af því góða. Hún vill að börnin skapi og túlki í höfðinu eftir því sem þau heyri en ekki sjái. Hennar skoðun er að ýmsar af barnabókum nútímans séu ekki hollar fyrir sköpunarþörf barna og margar þeirra beinlínis niðrandi. Sem dæmi tekur hún *Tíu litla negrastráka* og *Lötu stelpuna*, sem að hennar áliti eru niðrandi fyrir kyn og kynþátt. Aðspurð um hvort hún telji ekki að nauðsynlegt sé fyrir málþroska barna að hafa frjálsan aðgang að bókum, svarar hún því til að Hjallastefnan telji að stýrt nám með ritmálið og sögugerðina undir stjórn kennarans sé fullnægjandi grunnur fyrir málþroska og ritmálþroska allra barna og telur hún þeirra aðferðir hugnast betur en hefðbundinn aðgangur að bókum í leikskólum. Margrét Pála segir að bóklestur með fáum börnum gefist ætíð betur en lestur fyrir mörg börn. Þegar litið er til flokkunar danska bókmenntafræðingsins Sigsgaard á barnabókum sem talað er um í kaflanum um *Myndabækur* hér að ofan um *setið í kjöltunni-bækur* og *legið á maganum-bækur*, er þessi skilgreining Margrétar Pálu mjög skynsamleg.

Engar rannsóknir hafa í raun verið gerðar hvað varðar samanburð á málþroska barna, bæði í tali og riti, annars vegar þar sem þau hafa frjálsan aðgang að bókum og mikið er lesið fyrir í leikskólum og hins vegar þar sem meiri áhersla er lögð á frjálsa sögugerð og minni á beina notkun bókanna. Margrét Pála segir hins vegar að hjá þeim séu fimm ára börnin yfirleitt farin að draga til stafs og hafi mjög ríkan og fjölpættan málþroska strax á eldri stigum leikskólans. Auk frjálsar sögugerðar vinni þau einnig mikið með þulur og ljóð sem hún segir að ýti undir orðaforða barnanna og jafnvel innsýn í liðna tíma. Framkvæmdastjórinn heldur því fram að með aðferðum Hjallastefnunnar varðveitist bókmenntaarfur Íslendinga og virðing fyrir hinu ritaða máli betur en í öðrum og hefðbundnari leikskólum.

Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu Hjalla, telur Margrét Pála þó mjög mikilvægt að lesið sé fyrir börnin heima og hvetur hún alla foreldra til að gera það. Hún segir að mikill munur sé á að lesa fyrir eitt eða tvö börn en stóran barnahóp:

En mig langar að bæta einu við þetta, að á öllum foreldrafundum og í samtölum við foreldra og það er búið að vera linnulaust í 20 ár, að segja við foreldra: Lesið fyrir börnin ykkar. Þá ertu með eitt barn eða tvö og þú getur svarað öllum spurningum og allir geta skoðað allt og verið með, allir eru með á nótunum sem þú nærð aldrei með 5 eða 10 börn. Þannig að þá ertu að lesa með barni, ekki fyrir það. Þannig að lestu með barninu þínu á hverju kvöldi, nokkrar mínútur, alltaf fyrir svefninn, þangað til það

verður orðið nógu gamalt til að lesa sjálf, þá les barnið fyrir þig. Ég hvet alla foreldra án þess að hika og svo segi ég: Leikskólinn gerir aðra hluti, með öðrum orðum, bækur eru stórkostlegar, ég er mjög mikill aðdáandi bóka og segi: Við eigum að vanda verulega hvernig við stöndum að þessu. Leikskólinn gerir ákveðna hluti, heimilið aðra hluti og heildarútkoman, það er hún sem við sækjumst eftir (Margrét Pála Ólafsdóttir 2008).

Sú námsaðferð að hvetja börn til að semja sínar eigin sögur hefur skotið upp kollinum á öðrum vígstöðvum en á Hjalla og í Waldorfsleikskólum. Þær Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir útskrifuðust frá Kennaraháskólanum haustið 2000 og fjallaði lokaverkefni þeirra um nokkurs konar *Sögugrunn* sem átti að þjálfa börn til sögugerðar. Í námsgagninu *Sögugrunnur* var að finna myndir, orðmyndir og stafir, bæði hástafi og lágstafi. Myndirnar voru festar á segultöflu og einnig orðmyndirnar. Með hjálp myndanna og orðmyndanna bjuggu svo börnin til sögur sem voru bæði hljóðsettar og skrásettar. Höfundar *Sögugrunnsins* töldu þær fræðilegu forsendur liggja að baki að börn á leikskólaaldri séu á fyrsta stigi lestrar og heiti það stig undirbúningsstigið. Næstu stig á eftir séu stig formlegs lestrarnáms og því sé undirbúningsstigið nauðsynlegur bakgrunnur fyrir lestrarnámið sjálf. Á undirbúningsstiginu skynji börnin orðin myndrænt og því næst aðlagi þau sig að stafrófinu. Með notkun *Sögugrunnsins* læri börnin að þekkja orðin sem heild og orðaforði þeirra eykst, auk þess sem þau öðlast áhuga á ritmáli og tengslum þess við talmálið. Með því að nota stafina til að búa til orðmyndirnar læri þau að hver stafur hefur sitt hljóð og það sé í raun upphaf þess að geta lesið (Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir 2005:3).

Viðtöl

Þegar við hófumst handa við vinnu ritgerðarinnar og umfjöllunarefnið var orðið ljóst, ákváðum við að hafa samband við þrjá leikskólastjóra og óska eftir viðtölum til að fá fram þeirra sýn og áherslur þegar kemur að notkun barnabóka og því að segja sögur.

Leikskólastjórnir tóku allir sem einn vel í bón okkar og voru tilbúnir að taka þátt. Við höfðum þann háttinn á að senda þeim viðtalsramma (fylgiskjal 2), með þeim spurningum sem við vildum leita svara við, nokkrum dögum áður en viðtölin fóru fram. Viðtölin tókum við upp á diktafón og afrituðum þau áður en unnið var úr þeim. Viðmælendum okkar fannst sjálfsagt að koma fram undir nafni og eru því nöfn þeirra

og nöfn leikskólanna þau réttu. Leikskólarnir sem við heimsóttum eru: Urðarhóll í Kópavogi, Hjalli í Hafnarfirði og Álftaborg í Reykjavík.

Leikskólinn Urðarhóll

Þegar við komum í leikskólann Urðarhól tók Sigrún leikskólastjóri (Jónsdóttir, sjá heimildaskrá) á móti okkur og bauð okkur velkomnar og kynnti okkur fyrir Guðrúnu Björnsdóttur og Ingibjörgu Sveinsdóttur (sjá heimildaskrá) sem eru starfsmenn leikskólans og eru vanar að vinna með bækur, segja sögur og sögugerð með börnum. Það varð úr að þær tóku þátt í viðtalinu ásamt Sigrúnu, og fór viðtalið fram í undirbúningsherbergi starfsfólks. Guðrún er leikskólakennari að mennt, með 37 ára starfsreynslu og er deildarstjóri í leikskólanum og Ingibjörg er bókmenntafræðingur sem hefur mikinn áhuga á bókum og sögugerð með börnum.

Við byrjuðum að spyrja að því hver þær teldu markmiðin vera með notkun barnabóka í leikskóla. Sigrún varð fyrir svörum og taldi markmiðin vera að auka orðaforða barnanna, vinna með málproskann og einnig væri lestur bóka oft kveikjan að einhverjum viðfangsefnum. Einnig sagði hún að bækur væru mikið notaðar í tengslum við þemaverkefni til þess að dýpka þekkingu á þemanu hverju sinni og auka víðsýni barnanna. Sigrún sagði að þær stöllur, Guðrún og Ingibjörg notuðu mikið svokallað söguform og væru ekki alltaf bundnar við ritaðan texta. Í þeim tilfellum sem þær segja sögur eru þær bæði að spinna eigin sögur og endursegja sögur sem þær kunna fyrir.

Okkur langaði að forvitnast um áherslur leikskólans þegar kæmi að bókainnkaupum. Sigrún sagði að það væri ekki sérstök stefna afmörkuð í sambandi við bókainnkaup heldur væri aðalatriðið að kaupa inn góðar bækur burtséð frá því hvort höfundarnir væru íslenskir eða erlendir. Ingibjörg sagðist kaupa mikið af bókum erlendis frá í gegnum Amazon-netverslunina. Henni finnst mikið úrval þar af bókum sem eru uppbyggðar þannig að börnin eru þátttakendur og væru þau því öll að segja sögurnar. Með þessu á hún við að þegar lesið er fá börnin að svara og vera þátttakendur í gangi sögunnar. Ingibjörg sagði að hún hefði alls ekki fordóma gagnvart íslenskum bókum og að sjálfsgöðu notaði hún þær líka, en þær erlendu væru góð viðbót við bókakostinn. Hún tók fram að texti erlendu bókanna væri einfaldur og því ættu flestir að geta unnið með þær.

Guðrún sagði að hún notaði mest íslenskar bækur vegna þess að hún væri ekki nógu vel að sér í ensku, hún sagðist lesa mikið bækur eftir Herdísi Egilsdóttur og Sigrúnu

Eldjárn. Auk þess gerir hún mikið af því að endursegja þjóðsögur og ævintýri. Guðrún heldur tryggð við þjóðsögur og ævintýri í upprunalegri mynd, hún er ekki hrifin af mörgum nýjum útgáfum, til dæmis Disney útgáfum þar sem söguþræðinum er breytt. Guðrún sagði að líkt og Ingibjörg þá reyndi hún að fá börnin til að taka þátt í sögustundum og nefndi sem dæmi söguna um Búkollu. Þá á hún til að spyrja börnin: „Hvað ætli Siggi hafi haft með sér þegar hann fór að leita að Búkollu og hvað ætli Siggi hafi gert þegar hann kom heim?“

Á Urðarhóli er oft unnið út frá ákveðnu þema og þá er reynt að finna bækur um efnið hverju sinni. Viðmælendur okkar nefndu dæmi um þegar unnið var með íslenskar þjóðsögur, þá hafi börnin verið mjög hrifin af kvæðinu um Ömmu og draugana. Áhugi barnanna var gripinn á lofti og ákveðið að vinna meira með textann út frá honum. Börnin léku leikrit um efnið, sungu lagið og gerðu skuggaleikhús.

Við spurðum um aðgengi barna að bókakosti skólans og fengum það svar að takmarkað magn væri sett inn á deild sem börnin ganga að og svo er skipt reglulega út. Ennfremur fara þau reglulega á bókasafnið og þeim er leyft að velja bækurnar sem notaðar eru í samverustundum. Þegar bækurnar inn á deildir eru valdar er oft reynt að ganga út frá hvert er þemað þennan mánuðinn eða vikuna.

Við spurðum þessu næst að því fyrir hversu mörg börn væri lesið hverju sinni og hversu oft. Guðrún svaraði því til að allflesta daga væri lesið fyrir börnin eða þeim sagðar sögur og stundum væri þetta gert tvisvar á dag. Annars vegar er um að ræða samverustundir þar sem öll börn deildarinnar eru saman, þá er reynt að velja ekki of flókið viðfangsefni þannig að öll börnin haldi einbeitingu. Hins vegar eru sögustundir þar sem hver hópur, um það bil 8-10 börn, eru með sínum hópstjóra. Í sögustundum eru bæði sagðar sögur og lesnar bækur. Guðrún sagði að viðfangsefnið færi eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni. Hún nefndi dæmi um að í fyrra las hún alltaf framhaldssögu fyrir hópinn sinn á föstudögum. Það gekk mjög vel og voru börnin alltaf með á hreinu hvað hafði gerst í síðasta lestri. Aftur á móti hefur þetta ekki gengið upp með barnahópin sem hún er með í vetur þrátt fyrir að þau séu á sama aldri og hópurnir í fyrra. Ingibjörg sagði að hún læsi stundum fyrir börnin og skipti lestrinum í tvo hluta. Fyrri hlutann læsi hún kannski fyrir hádegi og seinni hlutann eftir hádegi. Hún sagði að þetta hefði reynst henni vel og börnin væru dugleg að rifja upp atburðarás sögunnar frá því fyrir hádegi áður en haldið væri áfram.

Næst lék okkur forvitni á að vita hvort viðmælendur okkar teldu að hægt væri að ná sömu markmiðum með því að segja sögur og lesa bækur. Viðmælendurnir voru sammála um að vinna með báða þætti. Sigrún talaði um að börn næmu á mismunandi hátt, sum með því að hlusta, önnur með því að horfa eða skynja á einhvern annan hátt. Þær sögðust allar leggja áherslu á orðaforðann og að hann væri kannski meiri í bókum en þegar sögur væru sagðar.

Guðrún vannur mikið með þulur og rím og sagði að börnin hefðu mjög gaman af því. Sem dæmi nefndi hún að einhverju sinni var hún stödd í útiverunni í leikskólanum. Þá kom ungur drengur til hennar og spurði hana hvort hún væri ekki þessi sem væri alltaf að ríma. Hún svaraði drengnum játandi og þau gengu saman um garðinn dagóða stund og rímuðu saman.

Á Urðarhóli er ritmálið sýnilegt börnunum í umhverfinu líkt og í mörgum leikskólum, til dæmis á skúffum barnanna og hillur eru merktar. Einnig leika börnin sér mikið með útklippta bókstafi og bókstafi úr tré í frjálsum leik. Ingibjörg sagði okkur að með því að leyfa börnunum að semja eigin sögur, sem mikið er gert af, þar sem kennarinn skrifar söguna niður verði ritmálið enn áþreifanlegra. Hún sagði einnig að þegar sögur barnanna eru lesnar þá vilji þau yfirleitt halda blaðinu fyrir framan sig meðan á því stendur. Ingibjörg og Guðrún hafa verið að prófa sig áfram með að lesa sögur og fá börnin til að myndskreyta um leið. Það er gert þannig að börnin teikna myndir á glærur sem varpað er upp á vegg í takt við framvindu sögunnar. Þær sögðu að í fyrstu hafi þetta verið erfitt því að börnin áttu erfitt með að nota ímyndunaraflið til að kalla fram myndir en með æfingunni urðu miklar framfarir.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur á Urðarhóli og á hverju ári kemur rithöfundur í heimsókn og les sögu sína fyrir börnin, annað hvort í heild sinni eða brot úr henni. Meðal þeirra sem hafa komið og lesið úr verkum sínum eru Þórarinn Eldjárn og Guðrún Helgadóttir. Eitt árið kom Vilborg Dagbjartsdóttir í heimsókn, hún las ekki fyrir börnin heldur sagði þeim sögur frá eigin brjósti. Viðmælendur okkar voru á einu máli um að þessar heimsóknir hefðu góð áhrif á börnin og væru til þess að auka enn frekar áhuga þeirra á sögum og bókum (Sigrún Jónsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir og Guðrún Björnsdóttir 2008).

Leikskólinn Hjalli

Við lögðum leið okkar í Hafnarfjörð til að taka viðtal við Guðrúnu (Jónsdóttur, sjá heimildaskrá) leikskólastjóra á Hjalla. Samkvæmt stefnu Hjalla er ekki mikið um bókanotkun þar og lék okkur því forvitni á að vita hvernig þau vinna með bækur og ritmál.

Við spurðum Guðrúnu hver hún telji vera markmiðin með notkun bóka í leikskólum. Hún sagði að markmiðið hlyti að vera að börnin sjái ritað mál og vildi taka fram að þau í Hjallastefnunni væru ekki á móti bókum með börnum. Þeirra hugmyndir eru frekar þær að börn eigi að vera í nánd við bækur heima hjá sér, hjá afa og ömmu og í ró og næði. Þegar það væru mörg börn og allir með bækur væru meiri líkur að þau lemdu hvert annað með bókunum og færu að öðru leyti illa með þær. Hún sagði að það að segja sögu frjálst væri spurning um æfingu og sér persónulega fyndist hún vera frjáltsari án bókarinnar. Auk þess væri auðveldara að snúa kynhlutverkunum við ef væri verið að segja sögu frjálst. Hjallastefnan er sem kunnugt er mjög gagnrýnin á ýmiss konar hlutverk í bókum og telur að innræting staðalímynnda eigi sér stað í mörgum bókum. Bækur sagði hún samt alls ekki alslæmar og oft væri notalegt að sitja með bók og lesa en þær ættu frekar heima í litlum hópi en stórum. Guðrún sagði að þær færu oft í bókasafnið í litlum hópum með hópstjóranum sínum og fengju að velja sér eina bók á mann sem þau skiptust svo á um að skoða heima í skólanum. Hún sagðist leggja mikla áherslu á að kennari stýrði stundum með bækur.

Okkur langaði að forvitnast um hvort einhverjar sérstakar áherslur væru þegar teknar væru bækur á bókasafni. Guðrún sagði þá að þær ritskoðuðu mjög mikið hvaða bækur börnin tækju. Þær reyna að sneiða hjá bókum þar sem sterkar staðalímynndir koma við sögu og það færast einnig yfir á lagaval. Til dæmis sneiða þær hjá lögum eins og *Nú er Gunna á nýju skónum* vegna sterkra staðalímynnda sem þar koma fram. Þær taka sumar bækur alveg úr umferð og einnig þessi ákveðnu lög. Guðrún sagðist muna eftir því þegar hún var nemi og þær settu upp brúðuleikhús og fengu að koma með það á Hjalla. Í því var prinsessa sem prinsinn bjargaði frá drekanum og Margrét Pála minntist á að loknu leikriti að það hefði nú verið gaman ef prinsessan hefði bjargað prinsinum. Þá sagðist Guðrún hafa kveikt á perunni og í dag reyndi hún að breyta hlutverkum og snúa þeim við.

Þegar Guðrún var spurð að því hvort þau tækju bækur eftir einhverja sérstaka rithöfunda sagðist hún vera mjög hrifin af Sigrúnu og Þórarni Eldjárn. Annars sagði hún

að kennari hvers hóps réði yfirleitt hvaða bækur væru teknar, sumir kennarar væru með fornbókmenntaáhuga og reyndu þá að yfirfæra hann yfir á bækur sem lesnar eru. Okkur skildist að kennararnir ritskoðuðu yfirleitt bækurnar sem börnin taka svona hver fyrir sig.

Við spurðum Guðrúnu hver væri hennar skoðun á mismuni á talmáli og lesmáli, hvort hún taki undir að þegar börnum eru sagðar sögur, væri tilhneiging til að einfalda málið og því gefi bækur börnunum meiri orðaforða en sögur. Hún sagði að þetta væri mjög einstaklingsbundið og þau í Hjallastefnunni reyni að nota gamalt málfar. Sem dæmi nefndi hún dóttur sína sem er þriggja ára og er á Hjalla, að hún talaði um að eitthvað gerist „í fyrndinni.“ Þetta var úr munni hópstjórans hennar sem hefur mjög gamalt málfar. Þau reyna að viðhalda gömlu íslensku orðunum með því að flétta þau inn í sögurnar hér og þar. Guðrún segir að þau á Hjalla séu þekkt fyrir að nota sérstakt orðalag og vanda sig í orðavali. Til dæmis segi þau: „ungu stúlkurnar“ og börnin nota þetta þá einnig heima hjá sér.

Vegna þess að Guðrún hefur lagt svo mikla áherslu á að ritskoða bækur, spurðum við hana hvort þær ritskoði gömlu góðu ævintýrin. Hún sagði að þær gerðu það ekki, þær vissu að það þýddi ekkert að fara í stríð á móti þessu. Þær leyfi gömlu ævintýrunum að vera eins og þau voru. Aftur á móti bættu þær gjarnan við ævintýrin, segðu að Rauðhetta sé mjög hraust því hún sé dugleg að borða grautinn sinn og þess vegna geti hún haldið á þungri körfu. Við spurðum hana hvort hún telji að hægt sé að ná sömu markmiðum með því að segja sögur og lesa bækur. Guðrún hélt að gott væri að hafa bækurnar í bland og það fari eftir hópstjóranum á hvað áhersla væri lögð. Hún sagði að flinkur kennari með gott orðalag gæti alveg náð sömu markmiðum með sögugerð en fyrir aðra væri kannski betra að lesa bækur með. Henni finnst að ekki eigi að vera mörg börn með margar bækur, heldur eitt barn með eina bók og fullorðinn til að sinna því.

Sögustundir á Hjalla eru mjög skipulagðar vegna þess að dagskipulagið er alltaf eins alla daga. Það skiptist í val tíma og hópatíma. Hópatíma er stýrt af kennara og hópurinn inniheldur fá börn. Skipulagður sögutími er að minnsta kosti einu sinni á dag, annaðhvort með öllum kjarnanum í samveru eða með hópnum í hópatíma. Guðrún segir að kennarar á Hjalla noti sögur mjög mikið á öllum tímum og í öllum aðstæðum.

Við spurðum Guðrúnu hver væri hennar skoðun á að ritmál ætti að vera sýnilegt börnum og hún svaraði því að henni fyndist mjög mikilvægt að börnin sæju ritmál. Þess vegna merkja þau allt með stöfum, nöfn barnanna, öll herbergi og valkróka. Hún segir

að fimm ára börnin þeirra fari í lestrarkennslu og skrift, stærðfræði og ensku. Sá hópur æfir sig markvisst í stafagerð og viðkomandi stafir séu prentaðir út og settir upp á vegg, auk þess sem þau vinni stafina gjarnan í leir eða skrifi þá í sand eða snjó.

Sögugerð er í hávegum höfð á Hjalla. Þær búa mikið til sögur með börnunum og það er svona langtímaverkefni. Þá er kannski sest niður og einhver segir eina setningu sem er skrifuð niður, næsti segir næstu setningu og svo er komin saga. Gjarnan byrja þau á því að ná í pappír, rífa hann niður og endurvinna kápu á bókina og setja blöð innan í. Þegar sagan er búin er hægt að myndskreyta hana (Guðrún Jónsdóttir 2008).

Leikskólinn Álftaborg

Í leikskólanum Álftaborg varð fyrir svörum Helga (Hansdóttir, sjá heimildaskrá) aðstoðarleikskólastjóri. Hún hefur 23 ára starfsreynslu og mjög vön að vinna með bækur og sögur. Hún telur aðalmarkmið þess að vinna með bækur í leikskólum þau að auka við orðaforða barnanna og víkka sjóndeildarhring þeirra. Hún sagðist helst kaupa bækur eftir íslenska höfunda og vill halda í gamlar hefðir hvað varðar ævintýri og sögur. Helga kvaðst alveg á móti því sem hún kallar „útþynningu á ævintýrum.“ Að hennar áliti hefur Disney-væðingin of mikið komið inn í okkar þjóðfélag og menningu og gömlu góðu ævintýrin horfið í stað iðnvæddra og væminna sagna þar sem endinum er gjarnan breytt. Helga sagði að misskilin verndartilfinning ylli þessu þar sem börnin væru bókstaflega vafin inn í bómull og mættu ekkert illt sjá. Hún taldi að þessi verndartilfinning teygði sig yfir allt í lífi barna og þau mættu ekkert reyna sig af óútskýranlegum ótta um að þau meiddu sig. Varðandi bækur vill Helga hafa þær í upprunalegri mynd og halda í gamlar hefðir. Til dæmis nefnir hún að þar sem við erum eina landið sem eigum 13 jólasveina, eigum við að gæta þessarar hefðar en ekki útþynna jólasveinana að amerískum sið. Ennfremur vill hún ekki að Grýla tynist, hún leggur mikla áherslu á að tala um hana. Af íslenskum bókum er Helga hrifnust af bókunum um *Hlunk* og *Dynk* með teikningum eftir Pilkington. Í þeim bókum koma fram að hennar áliti margar góðar myndir af tröllum. Hún nefnir að tröll séu séríslenskt fyrirbrigði sem ekki má týna og eigi vafalaust upptök sín í margvíslegum myndum sem sjást í íslensku landslagi. Þetta telur hún vera tengt menningu okkar og fyrri tíma búskaparháttum þar sem myrkrið skapaði alls kyns verur úr hraundröngum og klettum. Álfar eru einnig eitt afbrigði af þjóðararfi okkar Íslendinga sem Helga telur mikilvægt að halda við í bókum okkar.

Þegar Helga er spurð hvort þær noti myndabækur í leikskólanum segir hún að þær geri það og hún telji þær mjög mikilvægar, sérstaklega fyrir yngstu börnin. Hún segist samt markvisst þjálfa þau í að skapa sér sinn eigin hugarheim með því að sýna þeim ekki myndirnar á meðan lesið er, heldur á eftir. Við spurðum hana hvort áherslan í leikskólanum væri á að endursegja sögurnar eða spinna upp nýjar og hún sagði að hvorttveggja væri gert. Sjálf sagðist hún gjarnan segja þeim sögur af atburðum sem eiga sér raunverulega stoð en nefndi dæmi um kennara sem hefur þann hæfileika að spinna upp sögu um allt mögulegt.

Okkur langaði að forvitnast um aðgengi barnanna að bókakosti skólans og spurðum hana um hann. Helga sagði að ekki væri um frjálst aðgengi að bókum að ræða, heldur væru sérstakar bókastundir og börnunum væru réttar bækurnar. Hún sagði að fyrir sér væru bækur mjög merkilegir hlutir og innræta ætti börnunum virðingu fyrir þeim. Sem dæmi tók hún að rifnar bækur innan um leikföng væru ekki það sem Álftaborg stæði fyrir. Bókasafnsferðir eru reglulegar á Álftaborg, þau fara einu sinni í viku í bókasafn og börnunum er raðað þannig að hvert barn fer um það bil einu sinni í mánuði á safn. Þau bæði skoða bækur á safninu og fá einnig bækur að láni með heim. Helga fullyrti að börn sem venjast því að fara á bókasafn umgengjust bækur öðruvísi en önnur börn. Þetta sagðist hún hafa frá bókaverði á safninu sem kveðst geta greint á milli þeirra barna sem eru vön söfnum og annarra barna.

Skipulagðar sögu- og/eða lestrarstundir eru reglulega á leikskólanum og Helga sagði skólann vera nokkuð ríkan af bókum. Sérstaklega má geta bóka frá gamalli tíð en leikskólinn er 40 ára gamall. Þau hafa einnig aðgang að ævagömlum bókum frá leikskólanum Austurborg sem var lagður niður um svipað leyti og Álftaborg var stofnuð árið 1968. Þar er til dæmis að finna frumútgáfuna af *Tíu litlir negrastrákar*, þeirri umdeildu bók. Hún ásamt fleiri slíkum bókum er reyndar orðinn safngripur og sem slík höfð í kassa frammi í anddyri. Sumar af eldri bókunum eru til í tveimur eða þremur eintökum og þær hafa farið þá leið að klippa niður og búa til loðtöflusögur. Myndabækur í gamla daga voru helst danskar og hafa þær þýtt þær og/eða klippt niður. Þessar loðtöflumyndir eru svo notaðar í sögustund og þær eru svo vinsælar að einn starfsmaðurinn kallaði þær stundir bíó. Dönsku bækurnar notar Helga mikið í sínum stundum og hún bætir inn í þær og þýðir eftir hentugleika. Barnahópurinn sem lesið er fyrir er venjulega stór, oftast lesa þær fyrir alla deildina í einu en yngstu börnunum er gjarnan skipt í tvo hópa.

Við spurðum hvernig bækur væru helst lesnar og sagði hún að allt mögulegt væri lesið fyrir börnin. Þær hafa til að mynda lesið fjölmennigarlegar bækur vegna aukinnar fjölmenningar í leikskólanum og bækur um samkynhneigð hafa þær lesið líka. Hún sagðist hiklaust lesa um litla svarta Sambó og taldi hana ekki vera bók um staðalímynd af lituðu fólki. Helgu finnst eins og með útpynntu ævintýrin, að bækur spegli almennt ekki fordóma og við þá sem telja litla svarta Sambó vera móðgun við litað fólk, segir hún að ekki hafi hún fundið að börnin geri greinarmun á lit á fólki eftir lestur bókarinnar. Litli svarti Sambó sé bara bók síns tíma og góð sem slík.

Aðspurð um hvort hún telji að hægt sé að ná sömu markmiðum með því að lesa bækur eða segja sögur, sagði Helga að trúlega tölum við einfaldara mál þegar við segjum sögur. Þó sagðist hún muna eftir kennara sem talaði fjölskrúðugt og gott mál við börnin og þau voru farin að tileinka sér ýmiss konar málfar sem hún innleiddi í sögurnar. Helga sagði að ef við værum meðvituð um mál okkar gætum við náð sömu markmiðum með að segja sögur á góðu máli eða lesa upp úr bókum. Við spurðum hana um hennar skoðun á að ritmálið ætti að vera sýnilegt börnunum til þess að örva málþroska og var hún sammála því. Hún sagði að þær hvettu börnin til að skrifa og skrifuðu oft sjálfar fyrst og börnin hermdu eftir. Á tímabili merktu þær veggina, skápana og skúffurnar og höfðu þannig ritmálið sýnilegt fyrir börnin. Ennfremur sagði hún að þær byggju stundum til spjöld með stöfum og að lögð væri mikil áhersla á að börnin á elstu deildinni kynnu að skrifa nafnið sitt. Hún sagði að þau semdu stundum heila sögu með því að hún skrifaði og þau svo á eftir. Eldri börnin fara töluvert mikið í vettvangsferðir og svo er skrifað eftir hana og unnið úr henni (Helga Hansdóttir 2008).

Úrvinnsla og túlkun

Þegar á allt er litið komu nokkuð ólík svör frá þessum þremur leikskólum. Eins og áður er sagt notuðum við viðtalsramma sem uppistöðu fyrir spurningar okkar. Þegar við spurðum viðmælendur okkar um hver þær teldu vera helstu markmið með notkun bóka í leikskólum kom í ljós að viðmælendur okkar á Álftaborg og Urðarhóli töldu bækur auka orðaforða barna, víkka sjóndeildarhring þeirra og efla málþroskann. Guðrún á Hjalla viðurkenndi að gott væri fyrir börnin að sjá ritað mál og vildi taka fram að þau væru ekki á móti bókum. Aftur á móti teldu þau að bækur ætti að nota í litlum hópum og undir stjórn kennara. Samkvæmt tilvitnun í Ernu Árnadóttur (1995) sem fram kemur í kaflanum *Bóklestur* er mjög mikilvægt að lesa fyrir börn til þess að auðvelda þeim

skólagöngu síðar meir. Það að kennarinn gefi börnum tíma til að lesa hlýtur að okkar mati að flokkast undir að börn fái að handleika bækur og reyna að lesa sjálf.

Áherslur leikskólanna á bókakaupum voru mjög misjafnar. Helga á Álftaborg vildi helst kaupa eftir íslenska höfunda. Hún tiltók bækur Pilkingtons um Hlunk og Dynk sem hún sagði vera afar skemmtilegar bækur með þjóðlegum myndum. Viðmælendur okkar á Urðarhóli keyptu aftur á móti bækur á Amazon og sögðust fara frekar eftir innihaldi bókanna en því hvort höfundarnir væru íslenskir. Reyndar sagði Guðrún á Urðarhóli að hún keypti talsvert af bókum eftir Sigrúnu og Þórarin Eldjárn. Sama sagði Guðrún á Hjalla. Hún er mjög hrifin af þessum rithöfundum. Þar eru reyndar ekki bækur keyptar inn en þau fara talsvert á bókasöfn. Hjallakennarar ritskoða bækurnar og forðast bækur með stöðluðum kyn-og kynþáttaímyndum. Í kaflanum hér að ofan um *Þjóðsögur og ævintýri* kemur fram að gömlu ævintýrin voru harðlega gagnrýnd af femínistum vegna staðalímýnda kynjanna sem þar birtast.

Viðmælendur okkar á Álftaborg og Urðarhóli lögðu mikið upp úr að halda ævintýrum óbreyttum frá gamalli tíð. Helga á Álftaborg talaði um að þessi nýi síður að „útþynna“ ævintýrin í þeim tilgangi að fegra þau og hlífa börnum við ógn og grimmd í enda ævintýranna væri að hennar mati ekki ásættanlegur. Guðrún á Urðarhóli var á sama máli og talaði sérstaklega um Disney-útgáfur sem hún sagðist einfaldlega ekki geta lesið. Ragnheiður Gestsdóttir talaði um fjölbjóðlegt barnaefni í kaflanum um *Myndabækur* hér að ofan og má þar ef til vill sjá samskonar viðhorf og hjá Guðrúnu og Helgu. Helga á Álftaborg lagði mikið upp úr þjóðsögum og sögum um tröll. Hún sagði að myrkrið hér áður fyrr hefði vafalaust skapað hugmyndir um furðuverur í landslaginu. Þeir Ásgeir og Baldur tala einmitt um tröllasögur sem séríslenskt fyrirbrigði og nefna í því sambandi landslag og kynjamyndir í náttúrunni. Þetta kemur fram í kaflanum *Þjóðsögur og ævintýri* hér að ofan.

Á sama hátt og áherslur leikskólanna á bækur eru misjafnar, er aðgengi barnanna að bókakosti leikskólanna ólíkt. Á Álftaborg eru sérstakar bókastundir og þar eru börnunum réttar bækurnar, þau fá ekki að umgangast þær sjálf. Helga á Álftaborg segir ástæðuna vera þá að þær vilja kenna börnunum að bera virðingu fyrir bókunum um leið og bækur tilheyra sérstökum bókastundum. Í Aðalnámskrá leikskóla er fjallað um aðgengi barna að bókum eins og kom fram í kaflanum *Málþroski barna*. Á Urðarhóli eru bækur hafðar í litlu magni aðgengilegar inni á deild og þeim reglulega skipt út en á Hjalla eru bækur aðeins notaðar undir stjórn kennara. Allir leikskólarnir fara reglulega á

bókasöfn og hjá Hjalla er bókasafnið eini vettvangurinn þar sem aðgengi er að bókum. Álfaborg og Hjalli hafa þannig takmarkað frjálst aðgengi að bókum meðan Urðarhóll hefur þær sýnilegar börnunum alltaf en kennarar velja magnið í hvert sinn.

Skipulagðar lestrar og/eða sögustundir eru í öllum leikskólunum. Á Urðarhóli eru lestrar- og sögustundir tvisvar á dag, annars vegar öll deildin og hins vegar lítill hópur með 8-10 börnum. Lesefnið er valið út frá fjölda barnanna í hópnum og samsetningu barnahópsins. Á Álfaborg er að minnsta kosti ein stund á dag þar sem sögð er saga eða lesin bók og hjá þeim er yfirleitt lesið fyrir öll börnin á deildinni í einu. Á Hjalla er samverustundin á deildinni eða kjarnanum oft notuð fyrir sögur auk þess sem börnum eru sagðar sögur oft í litlum hópum. Svokallaðar loðtöflusögur eru notaðar á Álfaborg, en það eru sögur sem eru sagðar með stuðningi stakra mynda sem settar eru upp á töflur.

Á Álfaborg og Urðarhóli voru viðmælendur okkar sammála um að þegar sagðar eru sögur sé málið stundum einfaldað og stuðli þar með kannski að minni orðaforða heldur en þegar lesið er upp úr bók. Þó sagðist Helga á Álfaborg vera þess fullviss að ef við værum meðvituð, gætum við haft fjölskrúðugt málfar þegar við segjum sögu alveg eins og þegar bók er lesin. Guðrún á Hjalla sagði að þar á bæ notuðu þær mjög gamalt og fallegt málfar meðvitað til þess að börnin öðluðust betri orðaforða.

Ásgeir og Baldur (1988) benda á í kaflanum *Sögugerð* að þegar börnum er sögð saga skuli forðast að einfalda málið í þeim tilgangi að höfða til barnanna en jafnframt gæta þess að börnin skilji erfið orð sem notuð eru í sögunni. Það gefur því auga leið að vandasamt er að segja börnum sögu svo vel sé og kannski hafa ekki allir það á valdi sínu. Guðrún á Hjalla tók fram að stundum byrjaði starfsfólk á Hjalla sem ekki væri vant sögugerð en smám saman tækist þeim að tileinka sér hana.

Allir viðmælendur okkar voru sammála um mikilvægi þess að hafa ritmálið sýnilegt börnum í umhverfinu. Á Urðarhóli leika börnin sér mikið með útklippta stafi og eins og á Hjalla búa þau til sögur þar sem kennarinn skrifar og börnin á eftir. Í öllum leikskólunum er lögð áhersla á að merkja skúffur barnanna, deildir og ýmsa hluti með nöfnum. Á Álfaborg eru stafaspjöld þar sem börnin geta hermt eftir. Misjafnt er úr hvernig efniviði börnin gera stafina. Á Hjalla er snjórinn notaður ásamt sandi og leir til að móta stafi í en á bæði Urðarhóli og Álfaborg er notaður áþreifanlegri efniviður svosem tréstaffir og útklipptir stafir.

Guðrún á Hjalla sagði að þau ynnu mikið í stafagerð og elstu börnin þeirra séu farin að læra meðal annars lestur og skrift auk ensku. Á Álftaborg og Urðarhóli er ekki skipulögð kennsla en ritmálið og stafirnir eru mjög mikið notuð í daglegu starfi og leik.

Ályktanir og umræða

Þegar á allt er litið hafa bóklestur og sögugerð gífurlega mikið að segja fyrir málþroska og skilning barnanna á umhverfi sínu. Það er í rauninni ekki hægt að segja með fullri vissu hvort sögugerð með börnum getur komið algjörlega í staðinn fyrir vinnu með bækur í leikskólum. Eins og fram hefur komið eru til margar tegundir af bókum og ekki eru allar jafngóðar. Eftir að hafa velt þessu efni fyrir okkur í nokkra mánuði við gerð þessarar ritgerðar, höllumst við að því að farsælast sé að um nokkurs konar íhaldssemi sé að ræða í tengslum við bækur í leikskólum. Okkur finnst, eins og nokkrum viðmælendum okkar, að ekki megi á nokkurn hátt breyta gömlu ævintýrunum og útþynna þau að hætti amerískrar fyrirmyndar. Börnin okkar eiga rétt á þjóðlegum arfi og hvað er þjóðlegra en gömul ævintýri og þjóðsögur sem fylgt hafa okkur frá gamalli tíð? Kannski má til sanns vegar færa að sum af þessum gömlu ævintýrum séu skaðleg fyrir kynja- og kynþáttaímyndir en við teljum að líta beri á þessar bækur sem tákni fyrir liðna tíma. Auðvitað ber að ala jafnréttishugsjónina upp í börnum í dag en ef við breytum öllum sögnum í takt við nútímann, teljum við að við séum að breyta gömlum heimildum. Ennfremur erum við sammála Ragnheiði Gestsdóttur og fleirum sem við vísum til í kaflanum um *Þjóðsögur og ævintýri*, að ekki eigi endilega að fegra endinn á sögunum. Það kom fram hér áður í ritgerðinni að með því að breyta og jafnvel aflétta refsingunni sem nornirnar í ævintýrunum eiga með réttu að fá, séum við að senda börnunum röng skilaboð. Helga á Álftaborg sagði að út frá misskildu verndarsjónarmiði séum við „að vefja börnin okkar í bómull“ eins og hún orðaði það og það væri ekki endilega af því góða og erum við sammála því.

Fram kom í samtölum við viðmælendur okkar að áherslur voru misjafnar þegar kom að vali á bókum, hvort sem þær væru keyptar inn eða fengnar að láni frá bókasöfnum, og þeim sögum sem voru sagðar. Allir voru þeir sammála því að mikilvægt væri að vanda valið á bókunum og hafa yrði í huga málfar, orðaforða og þann boðskap sem bækurnar höfðu fram að færa. Í öllum leikskólunum var því þannig háttað að börnin nutu þess að heyra sögu sagða eða lesna á hverjum degi í stærri eða minni hópum.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á lestri bóka fyrir börn og því að segja þeim sögur frá eigin brjósti. Þær hafa meðal annars leitt í ljós að jákvæð fylgni virðist milli aðgengi ungra barna að bókum og gengi þeirra í grunnskóla. Eins kemur fram í mörgum rannsóknum að börn sem venjast bókmenntum á heimili sínu líta fremur á lestur sem ánægjulega athöfn en kvöð. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar sem gerð var árið 1998 benda þó til að ekki sé alltaf samband þarna á milli. Þetta kemur fram í kaflanum *Rannsóknir á bóklestri og frásögnum*. Þessar niðurstöður koma okkur á óvart þar sem okkar tilfinning var sú að samband væri milli þess að lesið væri fyrir börn og bækur væru aðgengilegar og ánægjulesturs barna síðar meir. Þessi rannsókn var sú eina sem sýndi fram á lítið fylgi á þennan hátt. Allar aðrar rannsóknir studdu okkar sjónarmið.

Þær rannsóknir sem við skoðuðum þar sem samanburður var gerður á ávinningi þess annars vegar að lesa sögur fyrir börn eða að segja þeim sögur virðast leiða í ljós svipaðar niðurstöður. Í þeim kemur fram að þau börn sem heyra sögu sagða frá eigin brjósti muna betur það sem fram kom og eiga auðveldara með að kalla fram og endursegja söguþráðinn. Þetta er í takt við það sem Margrét Pála leggur áherslu á í vinnu með börnum þar sem bækurnar eru ekki notaðar sem milliliður, heldur eru sögurnar endursagðar. Hún telur að með því sé haldið við sagnahefð Íslendinga sem byggir á munnlegri geymd. Gallet segir að ímyndunarafl barnanna styrkist við að heyra sögur sagðar vegna þess að þau þurfa með því móti að kalla fram myndir úr eigin huga. Þetta kemur fram í kaflanum *Hjallastefnan*.

Við erum nokkuð ásáttar um að með því að segja börnum sögur, nái kennarinn betur til þeirra í gegnum augnsamband og svipbrigði, heldur en að lesa upp úr bók. Samt sem áður teljum við að bækur og sögugerð þurfi að standa jafnfætis í leikskólastarfi og að gera skuli báðum þáttum jafnhátt undir höfði. Við verðum að halda við bókmenntaarfinum og ennfremur þessari munnlegu geymd og þess vegna er nauðsynlegt að vinna þetta saman.

Fram kemur í umfjöllun um *Bækur og sögur* að gildi barnabóka í uppeldi og menntun barna sé af ýmsum toga og má þar nefna skemmtana – og fræðslugildi. Við erum á sama máli og teljum nauðsynlegt að hlúa beri að því að bækur séu fræðandi og auki víðsýni barnanna. Engu að síður megi fræðslan ekki vera of formleg heldur verður einnig að horfa til skemmtanagildis þeirra til þess að börn verði ekki fráhrerf bókum þegar fram líða stundir.

Við teljum að myndabækur séu nauðsynlegar fyrir yngri börnin og skemmtilegar fyrir þau eldri. Ef tekið er tillit til þess að saga myndabókarinnar á Íslandi er ekki sérlega löng, er ljóst að mikil þróun hefur orðið í þeim efnum og íslenskir nútíma myndabókahöfundar standa kollegum sínum víðast hvar í heiminum fullkomlega jafnfætis. Okkar skoðun er að efla beri íslenska myndabókahefð. Eins og fram kom hér að ofan, hafa íslenskar þjóðsögur mikið gildi hvað varðar menningu og sögu. Tröll og álfar eru séríslenskt fyrirbrigði og teljum við að myndabókahöfundar þurfi að vera duglegir að nýta þann arf í bókum sínum. Okkur þykja bækur Pilkingtons sérlega góðar og athyglisverðar bækur sem styðja við íslenska menningu í tröllasögum. Við megum alls ekki gleyma þeim dásamlegu tröllasögum sem hafa skapast hér á Íslandi í gegnum aldirnar þar sem myrkrið og fjölskrúðugt landslag réði ríkjum og ýtti undir ímyndunarafl fólksins. Þótt við nútíma Íslendingar höfum meiri birtu og vísindalega þekkingu til að horfa á að allt hafi sínar raunhæfu skýringar, megum við ekki gleyma ótta og skelfingu fólksins áður fyrr við ýmsar furðuverur sem talið var að væru á reiki. Við teljum það vera skyldu okkar að framselja þessar sögur til barnanna óstyttar og ófegraðar. Öðruvísi getum við ekki haldið menningu okkar við.

Málþroskinn er mjög mikilvægur hjá börnum á leikskólaaldri. Í þeim rannsóknum sem við skoðuðum var rýnt í framburð barna og einnig skilning þeirra á merkingu orða. Í framburðarrannsókninni kom í ljós að börn í Reykjavík komu betur út málfarslega heldur en börn á landsbyggðinni og árangur þeirra var betri eftir menntunarstigi foreldra. Þátttakendur í rannsókninni sem gerð var á skilningi barna á merkingu orða voru íslensk, norsk, dönsk og sænsk börn. Íslensku börnin komu betur út þegar kom að því að átta sig á fjölskyldutengslum og má rekja það til þess að ættartengsl hér á landi eru nánari en annars staðar. Fram kom í rannsókninni að þegar börnin eldast, jafnast munurinn á milli landanna og við átta ára aldur geta flest börnin miðlað upplýsingum og orðaforði þeirra hefur aukist. Okkur sýnist að lestur bóka og frásagnir gætu haft áhrif á munnlega tjáningu barna og aukinn orðaforða. Við viljum ekki álykta út frá fyrri rannsókninni um árangur barna í Reykjavík annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar þar sem rannsóknin er síðan árið 1986. Við erum þó fullvissar um að menntun foreldra geti haft sitt að segja um málþroska barna eins og kemur fram í kaflanum *Rannsóknir á málþroska*.

Við fjölluðum eilítið um hvernig máltakan þróast í gegnum fyrstu árin auk þess að ræða um ýmis frávík þar að lútandi. Við höldum að hægt sé að minnka líkur á frávikum

með því að örva málþroskann snemma og að bækur séu gott tæki til þess. Það kemur greinilega í ljós í Aðalnámskrá leikskóla (1999) að bóklestur sé nauðsynlegur í leikskólum með tilliti til allra námssviða eins og við vísuðum í í fræðilegu umfjölluninni okkar. Við lögðum upp með það í upphafi að athuga hvort möguleiki væri á að frjáls sögugerð gæti komið í staðinn fyrir bóklestur. Í raun má segja að niðurstöður okkar séu þær að svo sé ekki en að frjáls sögugerð eigi að standa fullkomlega við hlið bóka. Þegar við skoðum viðtölin sem við áttum í þremur leikskólum hér á höfuðborgarsvæðinu, sjáum við að hjá tveimur þeirra eru bækur og sögur settar nokkurn veginn undir sama hatt. Það er einungis í leikskólanum Hjalla sem bækur eru notaðar í litlum mæli og ekki keyptar inn. Þar er þó lögð áhersla á að fara reglulega á bókasafn og fá bækur lánaðar heim í leikskólann. Bækur eru því notaðar í einhverjum mæli á öllum stöðunum ásamt því að sögugerð með börnum og fyrir börn er notuð í öllum leikskólunum.

Það má því draga þær ályktanir af þeim heimildum sem við höfum aflað okkur, að áhersla á bóklestur og sögugerð standi nokkuð traustum fótum í íslensku leikskólalífi. Reyndar tókum við aðeins viðtöl í þremur leikskólum en við teljum okkur hafa valið þá úr frekar ólíkum áttum og geta þeir því gefið einhverja mynd af bóklestri og frásögnum í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Lokaorð

Þegar við höfumst handa við ritgerðarsmíð þessa, höfðum við ákveðnar skoðanir á hvað við ætluðum að taka fyrir. Það má geta þess að frá upphafi ritgerðarinnar höfum við tekið nokkrar beygjur og í rauninni mótað verkefnið skref fyrir skref. Við höfum þannig skapað ritgerðina um leið og hún var unnin. Í upphafi stóð til að taka fleiri viðtöl en vegna umfangsins ákváðum við að hafa þau einungis fjögur. Leikskólarnir þrír sem við völdum, hafa allir hver sína skoðun á efninu og teljum við okkur hafa tekist að draga fram ólíkar áherslur þeirra. Verkefnið hefur krafist heilmikillar vinnu af okkar hálfu og má segja að við höfum lært ansi mikið á gerð þess. Báðar höfðum við vissa sýn á notkun bóka og/eða sagna á leikskólum áður en verkefnið hófst. Með því að kafa ofan í fræðilegt efni sem við öfluðum okkur, ásamt því að taka viðtölin, má segja að skoðun okkar beggja hafi aðallega styrkst auk þess sem við fengum nýja og víðari sýn á efnið. Það er okkar mat að reynsla sú sem við höfum fengið með gerð ritgerðarinnar, muni nýtast okkur í starfi okkar í framtíðinni.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. 2000. „Íslenska í leikskóla.“ *Skíma* 23,2:23-27.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. 2005. „Barnabókaútgáfan 2004.“ *Tímarit Máls og menningar* 66,2:67-76.
- Ágústa Pálsdóttir. 1998. „Uppeldi og lestur.“ *Uppeldi og menntun* 4,7:7-22
- Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað. 1988. „Eitt verð ég að segja þér...“: listin að segja sögu. Iðunn, Reykjavík.
- Barclay, Kathy, Cecelia Benelli og Ann Curtis. 1995. „Literacy begins at birth: What caregivers can learn from parents of children who read early.“ *Young Children* 50,4:24-28.
- Chan, Aline G. 1987. „The Art of the Storyteller.“ *The Leader*, desember 1987.
<http://www.eldrbarry.net/roos/storytel.htm> [Sótt 18. janúar 2008.]
- Christensen, Nina. 2002. „Indgangsvinkler til analyse af billedbøger.“ *Nedslag i børnelitteraturforskningen* [án árgangs],3:165-188.
- Erna Árnadóttir. 1995. „Viltu lesa fyrir mig?“ *Skíma* 18,1:48-51).
- Gallets, Matthew P. 2005. „Storytelling and Story Reading: A Comparison of Effects on Children’s Memory and Story Copehension.“ A thesis presentend to the faculty of the department of Curriculum and Instruction, East Tennessee State University. <http://etd-submit.etsu.edu/etd/theses/available/etd-0404105-153218/unrestricted/GalletsM042705f.pdf> [sótt 26. mars 2008.]
- Guðrún Bjartmarsdóttir. 1982. „Ljúflingar og fleira fólk. Um formgerð, hugmyndafræði og hlutverk íslenskra huldufólkssagna.“ *Tímarit Máls og menningar* 43,3:319-336
- Guðrún Jónsdóttir. 2008. Viðtal höfunda við Guðrúnu Jónsdóttur leikskólustjóra á Hjalla um bóklestur og frásagnir, 19. mars.
- Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. 2005. *Sögugrunnur, námstæki til sögugerðar*. [Án útgefanda], Reykjavík.
- Helga Hansdóttir. 2008. Viðtal höfunda við Helgu Hansdóttur aðstoðarleikskólustjóra á Álftaborg um bóklestur og frásagnir, 19. mars.
- Hjallamiðstöðin. [Án árs.] „Hjalli.is.“ <http://www.hjalli.is/fraedsla/> [Sótt 18. janúar 2008.]

- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 2000. „Barnets sprog ved 5-8 års alderen.“ *Aspekter på skolestart I Norden*, bls. 88-107. Ritstj.: Heilä-Ylikallo. Studentlitteratur, Lund.
- Højgård, Anne. 1999. *Barns språkutvikling muntlig og skriftlig*. Universitetsforlagen, Stavanger.
- Indriði Gíslason og Jón Gunnarsson (ritstj.). 1980. *Mál og máltaka*. Ritroð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar 4, Reykjavík.
- Isbell, Rebecca, Joseph Sobol, Liane Lindauer og April Lowrance. 2004. „The Effects of Storytelling and Story Reading on the Oral Language Complexity and Story Comprehension of Young Children.“ *Early Childhood Education Journal* 32,3:157-163
- Jóna Valborg Árnadóttir. 2005. „Gæti Mjallhvít gifst Þyrnirós?“ *Börn og menning* 20,1:16-23).
- Jónas Halldórsson. 1993. „Málhömlun barna.“ *Sálfræðibókin*, bls 173-179. Ritstj.: Hörður Þorgilsson og Jakob Smári. Mál og menning, Reykjavík.
- Kristín Unnsteinsdóttir. 2005. „Munnmælaævintýri: rætur þeirra og gildi fyrir börn.“ *Börn og menning* 20,1:24-29.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 2008. Viðtal höfunda við Margréti Pálu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra um Hjallastefnuna, 24. febrúar.
- Margrét Tryggvadóttir. 2005a. „Yfirlit yfir útgáfu íslenskra myndabóka.“ *Raddir barnabókanna: Greinasafn*, bls 38 – 78. Silja Aðalsteinsdóttir tók saman. Mál og menning, Reykjavík.
- Margrét Tryggvadóttir. 2005b. „Setið í kjöltunni – um myndabækur sem bókmenntaform, greiningu þeirra og sérstöðu íslenskra myndabóka.“ *Raddir barnabókanna: Greinasafn*, bls 101-136. Silja Aðalsteinsdóttir tók saman. Mál og menning, Reykjavík.
- Nordberg, Harald. 2001. „Når bilde og tekst forteller sammen-et bildebokterapeutisk innspill.“ *Møte mellom ord og bilde. Ein antologi om bildebøker*, bls. 52-73. Ritstj.: Nina Goga og Ingeborg Mjør. Landslaget for norskundervisning (LNU) og Cappelen akademisk forlag, Oslo.
- Persson, Ulla-Britt. 1995. „Að lesa og skilja sögu.“ *Skíma* 18,1:19-23.
- Ragnheiður Gestsdóttir. 1984. „Myndskreyting barnabóka.“ *Tímarit Máls og menningar* 45,4:369-375.

- Ragnheiður Gestsdóttir. 1992. „Áhrif máls og mynda á sjálfsmýnd barna.“ *Tímarit Máls og menningar* 53,1:26-33.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2004. „Mamma verpa egg!“ Setningarmyndun ungra barna. *Talfræðingurinn* 18,1:8-11.
- Sigrún Jónsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir og Guðrún Björnsdóttir. 2008. Viðtal höfunda við Sigrúnu Jónsdóttur leikskólastjóra, Ingibjörgu Sveinsdóttur bókmenntafræðing og Guðrúnu Björnsdóttur deildarstjóra á Urðarhóli um bóklestur og frásagnir, 19. mars.
- Sigurður Konráðsson. 1987. „Um barnamálsrannsóknir. Staða, tilgangur, hagnýting.“ *Tímarit Háskóla Íslands* 2,1:26-32).
- Sigurður Konráðsson. 1991. *Máltaka barna*. Kennaraháskóli Íslands. Óprentað handrit.
- Sigurður Konráðsson. 2000. „Orðaforði.“ Mál-lestur. *Lestrarbókin okkar*, bls. 151-170. Ritstj.: Heimir Pálsson. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið, Reykjavík.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1982. *Íslenskar barnabækur 1870-1979*. Mál og menning, Reykjavík.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 2005. „Íslenskar barnabækur. Sögulegt yfirlit.“ *Raddir barnabókanna: Greinasafn* bls 9-37. Silja Aðalsteinsdóttir tók saman. Mál og menning, Reykjavík.
- Wade, Barrie og Maggie Moore. 1998. „Stepping to literacy.“ *Literacy & Learning* [án árgangs],3:24-26.
- Waldorf. [Án árs.] „Sólstafir – Waldorfleikskóli.“ <http://www.waldorf.ismennt.is/Leikskólinn.htm> [Sótt 18. janúar 2008.]
- Zeece, Pauline Davey og Susan S. Churchill. 2001. „First Stories: Emergent Literacy in Infants and Toddlers.“ *Early Childhood Education Journal* 29,2:101-104.

Fylgiskjal 1

Viðtal við Margréti Pálu framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar

Hver finnst þér vera tilgangurinn með notkun bóka í leikskólum?

Telurðu að hugsanlegt sé að ná sömu markmiðum með því að segja sögur?

Hver er ástæða þess að bækur eru notaðar í litlum sem engum mæli í Hjallastefnuleikskólum?

Eru starfsmönnum settar einhverjar skorður eða reglur í sambandi við það að segja sögur?

Nú hafa margar rannsóknir sýnt fram á hversu mikilvægt sé að ritmál sé sýnilegt börnum. Hver er þín skoðun á því?

Fylgiskjal 2

Viðtöl í leikskólunum Álftaborg, Urðarhól og Hjalla

Hver telur þú vera markmiðin með notkun barnabóka í leikskólum?

Hverjar eru ykkar áherslur þegar kemur að bókainnkaupum?

Hvert er aðgengi barna að bókakosti leikskólans?

Er um skipulagðar sögustundir og/eða lestrarstundir að ræða?

Hversu stór er barnahópurinn hverju sinni sem lesið er fyrir?

Leggið þið einhverjar línur um hvernig bækur skuli lesa/sögur skuli sagðar fyrir börnin (t.d. eftir íslenska höfunda, ævintýri, þjóðsögur, hetjusögur, kvæði, þulur, sögur tengdar fjölmenningu/fjölbreytileika o.s.frv.)?

Telur þú að hugsanlegt sé að ná sömu markmiðum með því að segja sögur og lesa bækur?

Nú hafa margar rannsóknir sýnt fram á hversu mikilvægt sé að ritmál sé sýnilegt börnum, sérstaklega þegar kemur að málþroska og læsi. Hver er þín skoðun á því?